



Gestrisin borg

Starfsáætlun 2013




Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Útgefin 16. janúar 2013 eftir samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2013 ásamt greinargerð og starfsáætlunum í borgarstjórn 4.12.2012.

EFNISYFIRLIT

Menningar- og ferðamálasvið	2
Skipurit Menningar- og ferðamálasviðs	2
Hlutverk Menningar- og ferðamálasviðs	3
Menning er mannrækt	3
Styrkar stoðir	3
Helstu verkefni og áherslur sviðsins 2013	4
Ferðapjónusta	8
Fjármál og rekstur	10
Fjárhagsáætlun Menningar- og ferðamálasviðs	12
Stefnukort Menningar- og ferðamálasviðs	14
Skorkort Menningar- og ferðamálasviðs	16
Stofnanir sviðsins	18
Borgarbókasafn Reykjavíkur	20
Helstu verkefni 2013	21
Viðburðadagatal	22
Lykiltölur	23
Höfuðborgarstofa	24
Helstu verkefni 2013	27
Viðburðadagatal	29
Lykiltölur	29
Listasafn Reykjavíkur	30
Helstu verkefni 2013	33
Lykiltölur	35
Viðburðadagatal	35
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	36
Helstu verkefni 2013	39
Lykiltölur	40
Viðburðadagatal	40
Menningarmiðstöðin Gerðuberg	42
Helstu verkefni 2013	45
Lykiltölur	46
Viðburðadagatal	46
Minjasafn Reykjavíkur	48
Helstu verkefni 2013	51
Lykiltölur	53
Viðburðadagatal	53
Viðey	54
Helstu verkefni 2013	56
Lykiltölur	57
Viðburðadagatal	57
Árið 2012. Helstu verkefni og nýmæli	58
Menningar- og ferðamálasvið	59
Borgarbókasafn Reykjavíkur	62
Höfuðborgarstofa	63
Listasafn Reykjavíkur	64
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	65
Menningarmiðstöðin Gerðuberg	65
Minjasafn Reykjavíkur	66
Viðey	67

MENNINGAR– OG FERÐAMÁLASVIÐ



MENNINGAR– OG FERÐAMÁLARÁÐ

Kjörnir:

Einar Örn Benediktsson, formaður
Margrét Kristín Blöndal (frá 5.6. 2012)
Eva Baldursdóttir
Stefán Benediktsson
Marta Guðjónsdóttir (frá 5.6. 2012)
Áslaug María Friðriksdóttir
Davíð Stefánsson (frá 19.4. 2011)

Til vara:

Gaukur Úlfarsson
Hugleikur Dagsson
Guðrún Jóna Jónsdóttir (frá 18.9.2011)
Ósk Vilhjálmsdóttir (frá 18.9.2011)
Jón Karl Ólafsson (frá 19.4.2011)
Jarþrúður Ásmundsdóttir
Þór Steinarsson (frá 19.4.2011)

Áheyrnarfulltrúar Bandalags íslenskra listamanna á fundum ráðsins:

Kolbrún Halldórsdóttir

Pétur Gunnarsson

Hrafnhildur Sigurðardóttir

Ásmundur Ásmundsson

Fulltrúa Samtaka ferðaþjónustunnar er jafnframt heimilt að sitja fundi ráðsins.



Hlutverk Menningar- og ferðamálasviðs

Hlutverk sviðsins er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Það hefur yfirumsjón með starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur, Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Menningar- miðstöðvarinnar Gerðubergs, Minjasafns Reykjavíkur og Höfuðborgarstofu. Umsjón með starfsemi í Viðey, Reykjavík—Bókmenntaborg UNESCO og þverfaglegu starfi um barnamenningu er vistuð á skrifstofu sviðsins. Stofnanirnar starfa samkvæmt samþykktum Reykjavíkurborgar og lögum og reglugerðum á hverju sviði. Sviðið hefur jafnframt umsjón með málefnum Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Menningar- og ferðamálasvið sér um samninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem heyra undir sviðið.

Menning er mannrækt

er fyrirsögn Menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2009-2012.

Endurmati stefnunnar lýkur á árinu 2013. Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á stefnunni, enda var hún aðeins til fjögurra ára og hefur reynst vel. Hins vegar verður gerð ný aðgerðaráætlun.

Unnið er með níu markmið undir heitunum:

1. Auðlind - undirstaða framtíðar
2. Börn og menningaruppeldi
3. Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar
4. Listir
5. Samkennd, jafnræði og mannréttindi
6. Umhverfi og saga
7. Alþjóðleg menningarborg
8. Þáttur menningar í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar
9. Menning og sjálfbær þróun í átt til nýrra tíma.

Leiðarljós menningarstefnu

„Reykjavík eflist sem höfuðborg menningar í landinu. Sjálfsmynd borgarinnar byggir á menningararfi, frjórri hugsun og frumkvæði. Menningarlífið einkennist af fjölbreytni og virkri þátttöku íbúa og gesta.“

Styrkar stoðir

er fyrirsögn ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2011-2020.

Áherslur Reykjavíkurborgar við að byggja upp öflugri og meira aðlaðandi áfangastað til ársins 2020 hvíla á fjórum meginstoðum: Menningarborg; Heilsuborg; Ráðstefnuborg og Vetrarborg. Þær undirstrika annars vegar styrkleika Reykjavíkur, s.s. á sviði menningar, náþýlis við náttúru og tækifæra í heilsutengdri ferðaþjónustu (Menningarborgin og Heilsuborgin), en hins vegar þá þætti sem þarf að efla og styðja með auknum áherslum og kraftmeiri aðgerðum (Ráðstefnuborgin og Vetrarborgin).

Framtíðarsýn ferðamálastefnu

„Reykjavík verði eftirsóttur áfangastaður ferðamanna allt árið um kring og með því verði rennt styrkari stoðum undir fjölbreytt atvinnulíf og menningarstarf í borginni. Markviss uppbygging innviða ferðamannaborgarinnar og samræmt kynningarstarf leiði til þess að Reykjavík eflist til muna sem vettvangur ráðstefna og alþjóðlegra viðburða og verði þekkt og virt sem áhugaverð menningarborg í náþýli við einstæða náttúru. Heilsuferðaþjónusta verði jafnframt ein af meginstoðunum þar sem nýting hreinnar orku, heita vatnsins og fyrsta flokks aðstaða undirstrikar sérstöðu Reykjavíkur.“

Gestrisin borg

HELSTU VERKEFNI OG ÁHERSLUR SVIÐSINS 2013

Gestrisin borg er yfirskrift Menningar- og ferðamála-sviðs árið 2013. Árið markar skemmtileg tímamót í starfi þriggja stofnana sviðsins þar sem Borgarbókasafn Reykjavíkur fagnar 90 ára afmæli, Listasafn Reykjavíkur minnst þess að 40 ár eru liðin frá því að myndlistin eignaðist heimili á Kjarvalsstöðum og Menningar-miðstöðin Gerðuberg heldur upp á 30 viðburðarík ár. Það er því sérstakt tilefni til þess að bjóða af rausnar-skap í bæinn og munu starfsmenn Menningar- og ferðamála-sviðs taka einstaklega vel á móti gestum - hvort sem þeir koma í leit að fróðleik, listupplifun, afþreyingu eða til að fá sköpunargleði sinni útrás. Að-gerðir sem unnið er að í kjölfar nýrrar ferðamálastefnu styrkja einnig gestrisni borgarinnar á margvíslegan hátt og gera Reykjavík að eftirsóttum áfangastað ferðamanna allt árið um kring.

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO

Árið 2013 verður haldið áfram að þróa verkefni ársins 2012, meðal annars með því að bæta við og þróa bókmenntamerkingar, skáldabekki og aðra miðlun orðlistar í borgarlandinu. Samstarfi við Símann varðandi rafræna bókmenntamiðlun verður fram haldið og kappkostað að vera í takti við nýjustu tækni á þessu sviði. Auk þess verður hugað að öðrum tungumálum en íslensku og ensku og a.m.k. einni þýskri rafrænni bókmenntagöngu bætt á vefinn.

Vonir standa til að Lestrarháttíð í Reykjavík verði ár-legur viðburður sem standi allan októbermánuð og að


hún taki að festa sig í sessi sem mikilvægasta einstaka lestrarhvetjandi verkefni ársins. Í september 2013 verður Alþjóðlega bókmenntahátíðin í Reykjavík haldin og tekur Bókmenntaborgin þátt í henni, en í sama mánuði verður alþjóðþing PEN einnig haldið í borginni og er Bókmenntaborgin helsti samstarfsaðili að þessu stóra þingi, sem haldið verður í Hörpu.

Áform eru uppi um samvinnu við Listahátíð í Reykja-vík, sem er nýmæli og einnig kemur Bókmenntaborgin að mikilvægum viðburðum sem tengjast framlagi er-lendra kvenna til íslenskrar menningar, meðal annars með þátttöku í sýningu sem er tileinkuð austurrísku skáldkonunni Melittu Urbancic, sem bjó hér um langt árabíl. Meðal annarra verkefna sem fela í sér alþjóðlega samvinnu má nefna áframhaldandi samstarf við Goethe stofnun, sem býður þýskum höfundum að dvelja í Reykjavík, samvinnu við Bókmenntaborgina Dublin að undirbúningi verkefnis sem tengir saman bókmenntir landanna í tilefni af 1000 ára afmæli Battle of Clontarf árið 2014 og áform um þátttöku í pólsk-íslensku bókmenntaverkefni.

Barnamenning

Framhald verður á margvíslegu skapandi samstarfi milli Menningar- og ferðamála-sviðs og Skóla og frístundasviðs með sameiginlegum verkefnastjóra barnamenningar.

Biophilia Tónvísindasmiðjur, samstarfsverkefni Reykja-víkurborgar, Háskóla Íslands og Bjarkar Guðmunds-





dóttur var í mikilli gerjun á árinu 2012 og hafa samstarfsaðilarnir ákveðið að halda samstarfinu áfram til ársins 2014. Aðal áherslan árið 2013, er að þróa nýja kennsluhætti þar sem tónlist, vísindi, tækni og fleiri námsgreinar eru samþættar og sköpun notuð sem rannsóknaraðferð. Verið er að koma upp tónvísindasmiðjum í öllum grunnskólum Reykjavíkurborgar með því að útbúa verkfærakistu sem skólar geta fengið að láni. Hlutverk verkfærakistunnar er áframhaldandi tilraun til að sameina á nýjan leik vísindi og listir.

Menningarfáni Reykjavíkurborgar er þróunarverkefni sem hvetur til menningarstarfsemi á leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum. Fáninn verður veittur í annað sinn árið 2013, en Dalskóli hlaut þann fyrsta sem viðurkenningu fyrir framúrskarandi menningarstarf. Þróun heimasíðunnar menningarfani.is heldur áfram sem upplýsingabrunnur fyrir þá sem að þessum málefnum starfa.

Verkefnastjóri barnamenningar mun halda utan um kynningar og fræðslu fyrir frístundamiðstöðvar, leik- og grunnskóla um menningarframboð og menningaruppeldi auk þess að hvetja til listar og menningarstarfsemi í skólaumhverfinu. Til stendur að halda málþing um barnamenningu í samstarfi við Skóla og frístundasvið og menningarstofnanir borgarinnar. Verkefnastjóri barnamenningar gegnir mikilvægu hlutverki sem tengiliður Skóla- og frístundasviðs við menningarstofnanir og í ár verður hann formaður stjórnar Barnamenningahátíðar.

Fjölmenning

Stofnanir sviðsins leggja æ meiri áherslu á fjölmenningarverkefni og eru í samstarfi um mörg þeirra, bæði innan sviðs og utan. Fjölmenningarleg kvöldganga, Reykjavík Safarí, er í boði allra safnanna þar sem menningarlífið í miðborginni er kynnt á spænsku, pólsku, ensku, litháísku og tælensku. Litskrúðug fjölmenning á sinn þátt í fjölbreytileika Menningarnætur og Barnamenningarhátíðar. Á Vetrarhátíð verður hinn fjölsótti Heimsdagur barna í Gerðubergi þar sem fólk af erlendum uppruna tekur þátt í að stjórna listsmiðjunum, móta og kynna dagskrá á ýmsum tungumálum. Gerðuberg býður upp á fjölbreytta viðburðadagskrá með sérstakri áherslu á barnamenningu, fjölmenningu og alþýðumenningu sem síðan fléttast saman með ýmsum hætti og hlúir að fjölmenningarsamfélaginu á margvíslegan hátt. Menningarmiðstöðin virkjar íbúa af erlendum uppruna til þátttöku og hýsir ólíka hópa sem vinna sjálfbodaliðastörf í þágu fjölmenningar.

Borgarbókasafn Reykjavíkur með sérstakan verkefnastjóra fjölmenningar er í fararbroddi fjölmenningar á landinu. Fjölmenningarverkefnum safnsins vex stöðugt fiskur um hrygg s.s. Söguhringur kvenna, Fjölskyldumorgnarnar, Heilahristingur – heimanámsaðstoð á bókasafninu, Lesum blöðin saman, myndbönd um safnið á nokkrum tungumálum, Fljúgandi teppi – menningarmót í leik-, grunn- og framhaldsskólum, Ratleikir í samvinnu við tungumálaskóla og heimsóknir á vinnustaði. Við þau bætast ný verkefni 2013 s.s. Opnir (heims)laugardagar og Heimanám on-line. Listsmiðja um fjölmenningu og frið í samstarfi við Móðurmál -



Félag tvítýngdra barna verður haldin í Viðey í tengslum við Friðarsúlu Yoko Ono, Hugsa sér frið. Listasafn Reykjavíkur kynnir hús sín og starfsemi á ýmsum tungumálum og verður sem fyrr með sýningar eftir listamenn af erlendum uppruna og fræðslustarf þeim tengdum. Það sama á við um Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Öll erum við landnemar á þessari eyju þó komið höfum til hennar á mismunandi tímum. Minjasafnið tekur á móti fjölda nemenda í tungumálanámi og fræðslu fyrir Íslendinga af erlendum uppruna, bæði í Árbæjarsafni og Landnámssýningunni. Sýningar safnsins nýtast vel í tengslum við samfélagsfræðslu. Sérstök leiðsögn fyrir hópa nýrra Íslendinga býðst á Landnámssýningunni. Þar er þegar komin hljóðleiðsögn á 14 tungumálum og stefnir í fleiri. Unnið er að nánara samstarfi við tungumálaskóla og fræðslusetur sem fara með mál innflytjenda. Stefnt er að því að gera leiðsögukort um safnasvæðið í Árbæjarsafni í samvinnu við Íslendinga af erlendum uppruna. Hugmyndin er sú að kortið verði unnið af þeim og byggja á áhuga þeirra, reynslu og upplifun í safninu. Markmiðið er að koma rödd nýrra Íslendinga á framfæri innan safnsins og efna til samræðu á milli Íslendinga af ólíkum uppruna.

Styrkveitingar og framlög

Framlag Reykjavíkurborgar til Leikfélags Reykjavíkur er tvíþætt; annars vegar rekstrarstyrkur til starfsemi en hins vegar afnot LR af húseign og búnaði í Borgarleikhúsinu, sem er eign Reykjavíkurborgar. Nýr samningur um framlagið tekur gildi í upphafi árs en það er langhæsta framlagið til einnar stofnunar eða verkefnis af öllum útgjöldum Reykjavíkurborgar til menningarmála.

Framlag til Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu er í raun endurgreiðsla á fjármögnun byggingarinnar en stærstu rekstrarstyrkirnir utan fyrrnefndra þátta fara til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Listahátíðar í Reykjavík. Þá njóta Sjónlísta miðstöð á Korpúlfsstöðum og Sviðslistamiðstöð í Tjarnarbíói hæstra styrkja vegna innri leigu að undanskildu Borgarleikhúsi.

Nýjar verklagsreglur um úthlutun styrkja menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar vegna styrkúthlutunar 2013 leggja grunninn að almennum styrkveitingum ráðsins. Þar er getið um ýmis styrkjaform eins og verkefnastyrki, styrki til almennrar liststarfsemi, skyndistyrki, Borgarhátíðasjóð og langtímasamninga sem borgarráð geti heimilað menningar- og ferðamálaráði að gera með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Viðurkenningar eins og Tónlistarhópur Reykjavíkur, Borgarlistamaður og Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar eru árlegir viðburðir. Borgarhátíðasjóður heldur áfram að eflast og færast samningar um hátíðir eins og Gay Pride og Hestadaga nú yfir til sviðsins frá borgarráði.

Sérstakar áherslur menningar- og ferðamálaráðs vegna styrkja ársins 2013 eru:

- Reykjavík sem bókmenntaborg – borg orðsins
- Börn og menningaruppeldi
- Samstarf eininga/stofnana/listgreina/listamanna að nýsköpunarverkefnum
- Fjölmennningarleg verkefni.

Nýmiðlun

Starfshópur um nýmiðlun og upplýsingatækni tók til starfa fyrra hluta árs 2012. Jafnframt voru settir á laggirnar smærri vinnuhópar til að halda utan um afmörkuð verkefni, s.s. val á nýju vefkerfi, fræðslu, fýsileika vefverslunar, gagnaöryggi og samvinnu við UTM. Þetta starf leggur grunninn að bættri nýmiðlun á árinu 2013. Unnið hefur verið markvisst að því að greina þarfir hvernar stofnunar bæði hvað varðar vél- og hugbúnað sem og fræðslu fyrir þá sem vinna að kynningarmálum. Unnið hefur verið að því í samvinnu við UTM að bæta aðgengi að tæknibúnaði, þjónustu og fræðslu til að styðja betur við þá sem eru í eldlínu kynningarmálanna.

Haustið 2012 var farið í umfangsmikla greiningu á heimasíðum og samfélagsmiðlum stofnananna. Starfsmenn hafa jafnframt fengið fræðslu um hvernig nýta má greiningartól til að skoða umferð og notkunarmynstur gesta á síðunum. Lögð verður fram samræmd aðgerðaáætlun fyrir árið sem starfshópurinn mun sjá um að fylgja eftir. Sérstök áhersla verður lögð á almenna og sértæka kennslu og fræðslu til að starfsmenn geti nýtt enn betur þau tækifæri sem felast í nýmiðluninni. Snjallsímar og spjaldtölvur verða teknar í notkun og mikil áhersla verður lögð á lifandi myndefni og viðmót.

Erlent samstarf

Það liggur í hlutarins eðli að Menningar- og ferðamála-svið á í margvíslegu erlendu samstarfi. Höfuðborgarstofa tekur opnum örmum á móti ferðamönnum, greiðir götu erlendra fjölmiðla, kynnir Reykjavík á erlendum mörkuðum og vinnur að markaðssetningu borgarinnar

með samstarfsaðilum innan lands og utan, auk aðildar að alþjóðlegum samtökum ferðamála og viðburðahalds. Stjórnendur menningarstofnanna og sviðsins sitja í alþjóðlegum samtökum hver á sínu sviði. Til að vera samkeppnisfær þarf alþjóðlega heildarsýn sem fæst með fræðsluferðum, kynnum og tengslum. Árangurinn verður svo sýnilegur með nýjungum í starfi, alþjóðlegum samstarfsverkefnum, sýningum, ráðstefnum og viðburðum ýmist hér á landi eða erlendis. Einn helstu viðburðanna verður sýning á verkum Kjarvals frá Listasafni Reykjavíkur í Þjóðarsafni Rússa í St. Pétursborg og á sama tíma sýning hér á ljósmyndum samtímamanns Kjarvals, Rússans Alexanders Rodchenko.

Bæði ráðið og sviðið eiga ætíð sérstaklega í norrænu samstarfi. Menningarstofnunin Kennedy Center í Washington DC stendur fyrir norrænni menningarhátíð dagana 19. febrúar til 17. mars 2013 með fjölda menningarviðburða frá Norðurlöndunum og sjálfsstjórnarsvæðunum. Hér er á ferðinni stærsta tækifæri sem Norðurlöndin og þar með talið Ísland hafa fengið um árabíl til að koma á framfæri menningu sinni, listum og skapandi greinum en hátíðin mun fá mikla kynningu í Washington DC og um öll Bandaríkin. Kennedy Center skipuleggur hátíðina sem stendur í alls fjórar vikur og stendur straum af langstærstum hluta kostnaðar. Einnig er reiknað með ákveðnu fjárframlagi úr norrænum sjóðum og frá Norðurlöndunum sjálfum.



FERÐAÞJÓNUSTA

Vinsæl borg

Enn eykst sá fjöldi ferðamanna sem velur Reykjavík og Ísland sem áfangastað og ekkert lát er á umfjöllun í erlendum fjölmiðlum. Haustið 2012 völdu lesendur breska dagblaðsins Guardian Ísland sem besta áfangastað Evrópu fyrir árið 2013 og skutum við þannig löndum á borði við Þýskaland, Austurríki og Grikkland ref fyrir rass.

Í september 2012 voru ferðamenn um Keflavíkflugvöll orðnir álíka margir og allt árið 2011 og stefndi í allt að 20% aukningu milli ára sem þýðir að heildarfjöldi ferðamanna árið 2012 fer vel á sjöunda hundrað þúsundið.

Ferðamönnum hefur fjölgað verulega milli ára frá öllum mörkuðum. Þannig hefur Bretum fjölgað um 35,8%, N-Ameríkönnum um 18,2%, Mið- og S-Evrópubúum um 12,4% og ferðamönnum sem eru flokkaðir undir „Annað“ um 23,2%. Norðurlandabúum hefur hins vegar fjölgað minna eða um 9,3%.

Janúar - september eftir markaðssvæðum


	Breyting milli ára			
	2011	2012	Fjöldi	(%)
Norðurlönd	106,864	116,820	9,956	9.3
Bretland	49,981	67,855	17,874	35.8
Mið-/S-Evrópa	136,420	153,270	16,850	12.4
Norður Ameríka	80,443	95,114	14,671	18.2
Annað	84,352	103,898	19,546	23.2
Samtals	458,060	536,957	78,897	17.2

Heimild: Ferðamálastofa

Ein af af helstu ástæðum aukins ferðamannafjölda er aukið aðgengi að landinu. Átján flugfélög flugu til landsins 2012. Þar af eru þrjú ný sem ekki hafa áður flogið til Keflavíkur en það eru Easy Jet, Norwegian Air og hið íslenska Wow Air. Flugfélögum sem sækja til Íslands hefur fjölgað mikið á undanförunum árum en lang stærsti aðilinn er þó sem fyrr Ícelandair sem bætir reglulega við áfangastaðum, Anchorage, Zurich og Sankti Pétursborg árið 2013 og eykur flugtíðni jafnt og þétt. Easy Jet sem hóf flug til landsins frá Luton flugvelli í London vorið 2012 heldur úti flugáætlun allt árið um kring og bætir við tveimur flugleiðum, Edinborg og Manchester. Átakið *Inspired by Iceland* sem hleypt var af stokkunum í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli og verkefnið *Ísland allt árið* sem fylgdi því á eftir, og hefur það að markmiði að fjölga ferðamönnum utan háannar, hafa einnig sitt að segja í þessari aukningu ferðamanna sem Ísland nýtur en fæstir áfangastaðir eru að horfa á tveggja stafa prósentuaukningu.

Það er gleðiefni að mikið af þessum fjölda ferðamanna dvelur í Reykjavík en gistinóttum á höfuðborgar-

svæðinu hefur fjölgað um tæp 20% fyrstu átta mánuði ársins miðað við 17% á landinu öllu.




Heimild: Hagstofa Íslands

Til að fylgja á eftir könnun Höfuðborgarstofu á ferðahegðun erlendra ferðamanna í borginni sem gerð var sumarið 2011 og kanna hvort um merkjanlegan mun væri að ræða á vetrar- og sumarferðamönnum var könnunin endurtekin á fyrstu mánuðum ársins 2012. Oft var talsverður munur á viðhorfum sumargesta (sumar 2011) og vetrargesta (vetur 2012) til Reykjavíkur þó margt væri svipað. Sömu þættir laða t.d. erlenda ferðamenn til Reykjavíkur að sumri og vetri og þeir heimsækja einnig einstaka staði á höfuðborgarsvæðinu í svipuðu mæli. Báðir hópar nefna oftast að Reykjavík sé vinaleg/þægileg þegar þeir eru beðnir um að lýsa henni í einu orði. Það var hins vegar misjafnt hvaða viðburði í Reykjavík gestirnir þekktu, eftir því hvort þeir voru hér að sumri eða vetri. Þá eru vetrargestir almennt enn jákvæðari í viðhorfum sínum til borgarinnar en sumargestir. Fólkið í Reykjavík (vinalegt/hjálplegt) og nálægð borgarinnar við fallega náttúru og landslag er talið það besta við Reykjavík. Áætlað er að dagleg útgjöld vetrargesta í Reykjavík 2012 hafi verið 15-20% hærri en meðal sumargesta 2011.

Gott samræmi var í afstöðu sumargesta og vetrargesta til ýmissa fullyrðinga um Reykjavík. Þó voru vetrargestir að jafnaði fremur sammála mörgum fullyrðinganna en sumargestir og því enn jákvæðari til borgarinnar, svo sem sjá má á töflu á næstu síðu. Enda er það svo að vetrargestir eru hér fremur í borgarferð en sumargestir, sem margir dvelja meiri hluta tíma síns úti á landsbyggðinni.

Hlutfall þeirra sem voru mjög eða fremur sammála ýmsum fullyrðingum um Reykjavík



Heimild: Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar

Sóknarfæri

Í ársbyrjun 2012 var Ráðstefnuborgin Reykjavík sett á laggirnar. Kjölfestaðilar voru þrír, Reykjavíkurborg, Harpa og Icelandair Group. Á stofnfundi gengu 20 aðilar í RR en undir lok árs eru félagar orðnir 34 með rekstrarfé sem nemur 119.500.000 kr. Á undanförunum mánuðum hefur RR unnið að verkefnum með Ráðstefnuskrifstofu Íslands en undir lok árs 2012 er ljóst að RSÍ verður lögð niður og RR tekur við öllum verkefnum er varða markaðssetningu á Reykjavík sem aðlaðandi áfangastað fyrir fundi, ráðstefnur og alþjóðlega viðburði en reiknað er með að Íslandsstofa gerist aðili að RR árið 2013.

Eitt stærsta verkefni Höfuðborgarstofu á komandi mánuðum er að takast á við eitt af forgangsverkefnum Ferðamálastefnunnar 2011 – 2020 sem er að endurskoða vörumerki Reykjavíkur í kjölfar nýrrar ferðamálastefnu. Mikilvægt er að safna saman breiðum hópi fólks frá borginni, ferðapjónustu, menningarmálum og

menntastofnunum í þeim tilgangi að finna ný skilaboð fyrir Reykjavík næsta áratuginn. Stefnt verður að því í þeirri vinnu að nýtt vörumerki verði þannig úr garði gert að sem flestir vilji tileinka sér það og þau skilaboð sem það ber með sér.

Ljóst er að flest bendir til þess að velgengi Reykjavíkur og Íslands sem áfangastaðar sé síst lokið og fulltrúar ferðapjónustunnar eru um margt bjartsýnir á framtíðina. Stærsti óvissuþátturinn og áhyggjuefnið er þó áform ríkisstjórnarinnar að hækka virðisaukaskatt á gistingu um rúm 17% muni verulega draga úr sóknarfærum ferðapjónustunnar, ekki síst á hinum arðbæra funda-, hvata og ráðstefnumarkaði, enda gistikostnaður stór hluti af útgjöldum þess hóps. Vonandi verður niðurstaðan sú að horfið verði frá skattlagningu sem hefði ótvírætt ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér og þess í stað komi til stuðningur við þessa mikilvægu starfsgrein með auknum umsvifum, uppbyggingu og nýjum störfum til framtíðar.

FJÁRMÁL OG REKSTUR

Rekstur

Menningar- og ferðamálasvið leggur ríka áherslu á að finna hagkvæmstu leiðir í rekstri og styrkja eftir fremsta megni öflun sértekna stofnana sviðsins. Rekstur og starfsemi sviðsins hefur óhjákvæmilega litast verulega af þrengri stöðu í íslensku efnahagslífi og því sérstaklega ánægjulegt að í fyrsta sinn um árabíl sé gert ráð fyrir vísitölubótum á rekstur.

Breytingar á gjaldskrár stofnana taka mið af gjaldskrár-stefnu Reykjavíkurborgar, sanngirni og að borgarbúar njóti hagkvæmni stærðar Reykjavíkur. Þannig verður áfram unnið að því að efla Menningarkort Reykjavíkur og leitað leiða til að nýta sem best kaupmátt erlendra ferðamanna á stofnunum sviðsins.

Styrkir og framlög til menningarstarfs í Reykjavík veða sífellt þyngra í ramma Menningar- og ferðamálasviðs og er það fyrst og fremst með tilkomu Hörpu og hækkunar á framlögum til LR í Borgarleikhúsi. 51 % af fjárhagsramma ársins verður því varið til styrkja og samninga, en 43 % af fjárhagsramma verður varið til rekstrar stofnana sviðsins.

Mannauðsmál

Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi er sá grunnur sem Menningar- og ferðamálasvið leggur áherslu á í mannauðsmálum. Niðurstöður starfsmannakönnunar sýna að almennt eru starfsmenn sviðsins jákvæðir og reiðubúnir til að leggja mikið á sig til að ná árangri í starfi.

Starfsmannakannanirnar eru jafnframt ákaflega gott tæki til að nýta þegar áherslur í mannauðsmálum á hverri stofnun eru settar sem og í sameiginlegum verkefnum þvert á sviðið.

Með þátttöku starfsmanna í starfshópum sem myndaðir eru þvert á sviðið er unnið að málum er snerta bætt upplýsingaflæði, fræðslu- og kynningarfundir, vistaskipti og heilsuefningu, auk fræðslu um einelti og áreitni og fyrirbyggjandi aðgerðir í þeim eignum með jákvæðum hætti.

Fjármál

Frumvarp 2013 (í þús. kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur	239.210
Rekstrartekjur samtals	239.210

Gjöld

Laun og launatengd gjöld	868.427
Innri leiga húsnæðis	755.215
Annar rekstrarkostnaður	2.101.306
Rekstrargjöld samtals	3.724.948

Rekstrarniðurstaða 3.485.738

Starfsmenn


Starfsmannafjöldi 2013

Fjöldi starfsmanna	211
Fjöldi stöðugilda	144,7

Stöðugildi eftir stofnunum


Borgarbókasafn Reykjavíkur	74,4
Listasafn Reykjavíkur	20,8
Minjasafn Reykjavíkur	17,6
Höfuðborgarstofa	11,0
Menningarmiðstöðin Gerðuberg	7,8
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	5,0
Skrifstofa sviðs	4,8
Sérverkefni	2,0
Viðey	1,3

Skipting rekstrar




- Stjórnun sviðs
- Stofnanir sviðs
- Styrkir og samstarfssamningar
- Annað

Skipting gjalda




- Launakostnaður
- Innri leiga húsnæðis
- Styrkir og framlög án innri leigu
- Annar rekstrarkostnaður

Styrkir og samningar



- Leikfélag Reykjavíkur
- Sinfóníuhljómsveit Íslands
- Sjónlistarmiðstöð Korpúlfsstöðum
- Listahátíð í Reykjavík
- Ráðstefnuborgin Reykjavík
- Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa
- Tjarnarbió
- Aðrir styrkir og samstarfssamningar

Stofnanir sviðs



- Borgarbókasafn Reykjavíkur
- Listasafn Reykjavíkur
- Minjasafn Reykjavíkur
- Höfuð borgarstofa
- Menningarmiðstöðin Gerðuberg
- Viðey
- Ljósmyndasafn Reykjavíkur

FJÁRHAGSÁÆTLUN

		Rekstrar- niðurstaða	Esk áætlun	Áætlun 2013			
		2011	2012	Tekjur	Laun og ltgj.	Annar rekstrar- kostn	Samtals
Yfirstjórn							
Menningar- og ferðamálaráð	03100	10.794	12.140	0	11.612	1.428	13.040
Skrifstofa menningar- og ferðamála .	03110	57.516	59.690	0	53.500	12.975	66.475
		68.310	71.830	0	65.112	14.403	79.515
Höfuðborgarstofa							
Höfuðborgarstofa	07400	115.398	121.782	-52.277	72.757	110.192	130.672
		115.398	121.782	-52.277	72.757	110.192	130.672
Borgarbókasafn Reykjavíkur							
Skrifstofa borgarbókasafns	03200	146.916	144.774	-40.800	57.713	162.693	179.606
Aðalsafn	03201	124.288	129.839	0	117.247	17.035	134.283
Kringlusafn	03202	66.990	67.780	0	41.954	28.868	70.822
Sólheimasafn	03203	31.112	32.787	0	25.429	9.094	34.523
Gerðubergssafn	03205	61.371	65.929	0	42.494	26.091	68.585
Seljasafn	03206	192	0	0	0	0	0
Foldasafn	03207	46.507	49.591	0	39.848	11.468	51.316
Ársafn	03208	51.425	51.281	0	40.858	14.116	54.974
Artótek	03209	-658	-65	-2.000	1.391	516	-93
Bókabifreiðar	03250	21.373	21.458	0	16.505	7.077	23.582
		549.517	563.375	-42.800	383.439	276.957	617.597
Listasafn Reykjavíkur							
Listasafn Reykjavíkur	03300	147.524	137.366	-18.185	76.694	99.761	158.270
Safnráð Listasafns Reykjavíkur	03305	195	309	0	335	0	335
Hafnarhús	03310	61.872	63.944	-29.020	22.253	74.884	68.117
Kaffiteríur	03311	-2.168	-1.877	-5.400	0	800	-4.600
Kjarvalsstaðir	03320	58.268	62.455	-16.600	21.656	57.548	62.604
Ásmundarsafn	03330	8.600	17.518	-7.700	11.559	14.476	18.335
Listaverk á opnum svæðum	03350	5.547	7.062	0	0	7.039	7.039
Listaverkakaup	03360	11.973	12.000	0	0	15.672	15.672
		291.810	298.777	-76.905	132.496	270.181	325.772
Minjasafn Reykjavíkur							
Árbæjarsafn	03700	130.714	135.014	-18.620	93.061	72.493	146.934
Minjasafn - gjaldfærðir safngripir	03705	5.658	6.000	0	0	9.336	9.336
Landnámssýning	03710	47.709	48.493	-23.800	18.243	57.119	51.563
		184.080	189.507	-42.420	111.304	138.948	207.832
Aðrar menningarstofnanir							
Menningarmiðstöðin Gerðuberg	03500	75.273	77.576	-7.860	47.469	44.216	83.825
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	03600	39.040	40.077	-11.670	32.294	22.674	43.298
Viðey	03900	59.229	65.681	-3.779	9.449	65.180	70.850
		173.543	183.334	-23.308	89.212	132.070	197.973

		Rekstrar-	Esk	Áætlun 2013			Samtals
		niðurstaða	áætlun	Tekjur	Laun og ltgj.	Annar rekstrar- kostn	
		2011	2012				
Styrkir og samstarfssamningar							
Leikfélag Reykjavíkur	03101	705.589	763.199	0	0	827.443	827.443
Listahátíð	03105	33.700	33.600	0	0	36.000	36.000
Sjónlistarmiðstöðin Korpúlfsstöðum	03109	34.762	27.707	0	0	27.603	27.603
Loftbrýr	03111	4.607	3.700	0	0	3.700	3.700
Styrkir og rekstarsamningar	03113	82.277	103.000	0	0	116.270	116.270
Ráðstefnuborgn Reykjavík	03131	0	0	0	0	40.000	40.000
Tjarnarbíó - Sjálfstæðu leikhúsin	03135	32.627	33.481	0	0	35.337	35.337
Húsnæðisstyrkir til menningarmála .	03140	34.747	33.129	0	0	33.548	33.548
Sjóminjasafn	07250	20.000	20.000	0	0	22.000	22.000
		948.309	1.017.816	0	0	1.141.901	1.141.901
Framlög							
Sinfóníuhljómsveit Íslands	03102	143.418	155.000	0	0	163.680	163.680
Framlag til Hörpu	03145	394.814	483.268	0	0	483.757	483.757
		538.232	638.268	0	0	647.437	647.437
Annað							
Ófyrirséð og sameiginlegur kostn.	03120	49.900	27.760	-1.500	0	29.026	27.526
Tengsl skóla og menningarstofnana	03121	2.317	9.400	0	0	9.900	9.900
Gjaldfærðir lausafjarmunir	03125	6.281	7.000	0	0	8.830	8.830
Sérverkefni	03137	55.499	35.909	0	14.106	68.000	82.106
Aðalstræti 10	03138	994	0	0	0	0	0
Innri leiga áhalda og tækja	03999	25.941	30.171	0	0	8.676	8.676
		140.932	110.240	-1.500	14.106	124.432	137.038
Menningar- og ferðamálasvið samtals		3.010.131	3.194.928	-239.210	868.427	2.856.521	3.485.738



STEFNUKORT

Gildi: Mannrækt – Orka – Fagmennska

Þjónusta	Menningaruppeldi	Höfuðborg menningar	Eftirsóknarverður áfangastaður	Nýsköpun	
Fjármál	Hagkvæm nýting og stýring fjármuna	Sterk kostnaðarvitund	Gagnsæi í styrkveitingum	Verðmætasköpun	
Verklag	Samstarf og samráð	Öflug miðlun	Gott aðgengi og almenn þátttaka	Hlúð að sögu og menningarminum	Skýr stefnumörkun og gagnsæ stjórnsýsla
Mannauður	Hæfir og áhugasamir starfsmenn	Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi		Árangursríkir stjórnunarhættir	

Þjónusta

Menningaruppeldi

Mikilvægur hluti starfsemi allra menningarstofnana borgarinnar er fræðsla og miðlun til fólks á öllum aldri. Að auki er eitt af meginmarkmiðum menningarstefnunnar að menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og kennslu barna á öllum skólastigum.

Höfuðborg menningar

Höfuðborgarhlutverkið gengur sem rauður þráður í gegnum menningar- og ferðamálastefnur Reykjavíkurborgar. Reykjavík er höfuðborg menningar í landinu og Bókmenntaborg UNESCO. Menningarlífið byggir á menningararfi, frjórri hugsun og frumkvæði og einkennist af fjölbreytni og virkri þátttöku íbúa og gesta. Menningarborgin er ein af fjórum stoðum ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.

Eftirsóknarverður áfangastaður

Reykjavík er eftirsóttur áfangastaður ferðamanna allt árið um kring. Hún eflist sem vettvangur ráðstefna og alþjóðlegra viðburða og er þekkt sem áhugaverð menningarborg í nábýli við einstæða náttúru. Sérstaða Reykjavíkur sem heilsuborgar felst í nýtingu á hreinni orku, heitu vatni og fyrsta flokks aðstöðu.

Nýsköpun

Menningarlíf og ferðaþjónusta í borginni einkennist af þrótti og metnaði og nýtur hvatningar til nýsköpunar og þróunar. Aðstaða og rými er til staðar fyrir fjölbreytta ferðaþjónustu, kraftmikið listalíf og aðra menningarstarfsemi.

Fjármál

Hagkvæm nýting og stýring fjármuna

Lögð er áhersla á markvissa fjármálastjórn, þar sem leitað er hagkvæmstu leiða, með aðhald og skilvirkni að leiðarljósi.

Sterk kostnaðarvitund

Rekstrarleg ábyrgð stjórnenda er skýr og upplýsingar um reksturinn aðgengilegar. Þannig eflist kostnaðarvitund um leið og eðlilegu aðhaldi og eftirliti er viðhaldið.

Gagnsæi í styrkveitingum

Verklagsreglur um styrkveitingar eru skýrar og eftirfylgni með veittum styrkjum markviss.

Verðmætasköpun

Menning og ferðamál eru auðlindir sem leggja grunn að efnahags- og atvinnulífi borgarinnar. Lögð er áhersla á beint og óbeint framlag þeirra og annarrar skapandi starfsemi til efnahagslífsins.

Verklag

Samstarf og samráð

Samstarf og samráð er lykilatriði í menningar- og ferðamálum. Áhersla er lögð á samvinnu milli stofnana og fagsviða borgarinnar og hagsmunaaðila innan lands og utan. Hafa ber samráð við borgarþýðu með reglulegum könnunum á viðhorfum þeirra og óskum.

Öflug miðlun

Stofnanir á Menningar- og ferðamálasviði leggja áherslu á þróun miðlunar. Með því að vera í fararbroddi í nýmiðlun bæta þessar stofnanir þjónustu sína og kynningu.

Gott aðgengi og almenn þátttaka

Menningarlífið í borginni er aðgengilegt öllum og einkennist af fjölbreytni, víðsýni og virðingu. Það laðar fólk til borgarinnar, hvetur til almennrar þátttöku og stuðlar að betra mannlífi.

Hlúð að sögu og menningarminjum

Menning, listir og saga eru grunnur borgarmyndarinnar. Unnið er fjölbreytt, markvisst og faglegt starf á sviðum söfnunar, rannsókna, varðveislu og miðlunar. Menningararfurinn er sýnilegur í borgarlandinu og áhersla lögð á menningarlega sérstöðu Reykjavíkurborgar.

Skýr stefnumörkun og gagnsæ stjórnsýsla

Vægi menningar og ferðamála í stjórnkerfi borgarinnar er ótvírætt. Skipulag menningar- og ferðamála er skýrt og stjórnun þeirra markviss.

Mannauður

Hæfir og áhugasamir starfsmenn

Tryggja skal starfsmönnum góð starfsskilyrði og gefa þeim tækifæri til að auka þekkingu sína og færni.

Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi

Samskipti einkennast af trausti og virðingu og starfsumhverfi er hvetjandi og jákvætt. Lögð er áhersla á að virkja frumkvæði, metnað og frjóa hugsun meðal starfsmanna.

Árangursríkir stjórnunarhættir

Stjórnendur tileinka sér góða stjórnunarhætti, sem m.a. fela í sér jákvætt viðhorf til samstarfsmanna, virkt upplýsingastreymi og dreifingu valds og ábyrgðar. Stjórnendur hafa tækifæri til símenntunar og nauðsynleg tæki til að sinna stjórnunarhlutverki sínu.

SKORKORT

Vidd / velgengnisþáttur	Mælikvarði	Rauntölur 2011	Áætlun 2012	Markmið 2013
----------------------------	------------	-------------------	----------------	-----------------

Þjónusta

Menningaruppeldi	Fjöldi viðburða sérstaklega skipulagðir fyrir börn og fjölskyldur	134	117	133
	Fjöldi barna og unglinga í skipulögðum heimsóknum.	42.949	40.400	44.400
Höfðuborg menningar	Hlutfall ánægðra gesta Menningarriáætur samkvæmt Gallupkönnun	68%	77%	69%
	Fjöldi fjölmeningartengdra verkefna og viðburða	30	18	26
	Fjöldi nýrra sýninga á menningarstofnunum *			60
	Fjöldi erlendra ferðamanna í skipulögðum heimsóknum á stofnanir sviðsins	3.505	3.810	3.750
Eftirsóknarverður áfangastaður	Aðsókn að stofnunum sviðsins	1.388.402	1.452.000	1.402.000
	Ánægja með þjónustu/starfsemi stofnana sviðsins	87%	87%	88%
	Kynningarfundir um Reykjavík sem áfangastað *			105
Nýsköpun	Nýmæli í starfsemi	34	16	16

Fjármál

Hagkvæm nýting og stýring fjármuna	Fjárhagsáætlun v/raun	1%	1%	1%
Sterk kostnaðarvitund	Kostnaður við rekstur stofnana sviðsins pr. gest	947	934	1.056
Verðmætasköpun	Fjöldi verkefna þar sem samstarfsaðilar fjármagna a.m.k. 15% af kostnaði	60	41	38
	Sértekjur stofnana sviðsins sem hlutfall af ramma	-17%	-19%	-16%

Verklag

Samstarf og samráð	Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	42	26	38
	Fjöldi samráðsfunda og aðgerða sem hvetja til þátttöku almennings í þróun, stefnumótun og ákvarðanatöku	11	6	11
Öflug miðlun upplýsinga	Fjöldi heimsókna á vefsvæði stofnana sviðsins **	577.710	690.300	741.400
	Fjöldi fylgjanda á samfélagsmiðlum *			62.400
	Fjöldi síðuflettinga á vefsíðum *			3.127.300
Gott aðgengi og almenn þátttaka	Hlutfall gesta sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna		90%	90%
Hlúa að sögu og menningarminjum	Fjöldi rannsóknarverkefna	20	19	19



Vidd / velgengnisþáttur	Mælikvarði	Rauntölur 2011	Áætlun 2012	Markmið 2013
----------------------------	------------	-------------------	----------------	-----------------

Mannauður

Hæfir og áhugasamir starfsmenn	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið	80%	90%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem hlakka til að mæta í vinnuna	72%	86%	86%
	Hlutfall starfsmanna sem telur hæfni sína vel nýttá í starfi	71%	83%	85%
	Hlutfall starfsmanna sem telur samvinnu góða á sínum vinnustað	79%	90%	90%
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	Hlutfall starfsmanna sem telur sig fá nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt og/eða vinnustað	66%	80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum	59%	80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem ekki hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum	99%	100%	100%
Árangursríkir stjórnunarþættir	Hlutfall starfsmanna sem bera traust til yfirmanns síns	69%	90%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem finnst vinnstað sínum vel stjórnað *			80%
	Hlutfall starfsmanna sem hafa farið í árlegt starfsmannasamtal á síðustu 12-15 mán.	56%	80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur fengið tækifæri til simenntunar og starfsþróunar á síðustu 12 mánuðum	81%	80%	80%

* Nýir mælikvarðar
2013

** Talning lá niðri að
hluta 2011



Trüür



Búi á töfna?



BORGARBÓKASAFN
REYKJAVÍKUR

Hlutverk

Borgarbókasafn Reykjavíkur er upplýsinga- og menningarstofnun sem starfar í samræmi við gildandi lög um almenningsbókasöfn.

Leiðarljós til 2012

Borgarbókasafn Reykjavíkur standi jafnfætis bestu almenningsbókasöfnum heimsins hvað varðar búnað og þjónustu og eflni menningu í fjölbreyttu og alþjóðlegu umhverfi. Starfsemi safnsins einkennist af víðsýni og virðingu.

Meginmarkmið

- Borgarbókasafn sé aðgengilegt öllum borgarbúum
- Heimsóknir í Borgarbókasafn séu hluti af daglegu lífi borgarbúa
- Heimsóknir í Borgarbókasafn séu hluti af menningaruppeldi barna og unglunga
- Borgarbókasafn sé leiðandi í kynningu á bókmenntum
- Safnkostur uppfylli óskir og þarfir viðskiptavina
- Starfsemi Borgarbókasafns sé lýðræðisleg, opin og í sífelldri þróun
- Borgarbókasafn hafi á að skipa ánægðum og hæfum starfsmönnum
- Fjármunum sé vel varið



Fjármál 2013

FRUMVARP 2013 (í þús. kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur 42.800

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 383.439

Innri leiga 105.746

Annar rekstrarkostnaður 171.212

Rekstrarniðurstaða 617.597

Starfsmannafjöldi 2013

Heildarfjöldi starfsmanna 96

Fjöldi stöðugilda 74,4

Safnið starfar í samræmi við gildandi stefnur og samþykktir Reykjavíkurborgar þar á meðal samþykkt um Borgarbókasafn frá 2002; lög um almenningsbókasöfn nr. 36/1997; yfirlýsingu Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) um almenningsbókasöfn frá 1994 og yfirlýsingu Alþjóðasamtaka bókasafna og bókavaraðafélaga (IFLA) um fjölmenningsleg bókasöfn.

Borgarbókasafn Reykjavíkur rekur sex söfn; aðalsafn í Grófarhúsi, Ársafn, Gerðubergssafn, Foldasafn, Kringlusafn og Sólheimasafn, einnig bókabíllinn Höfðingja með tæplega 40 viðkomustöðum og sögubíllinn Æringja sem heimsækir m.a. rúmlega 90 leikskóla borgarinnar auk hverfahátíða.

HELSTU VERKEFNI 2013

Gestrisni hefur ávallt verið aðalsmerki Borgar-bókasafns. Boðið er upp á veisluborð á sviði menningar alla daga og til að allir geti notið veitinganna rekur safnið bæði bókabíl og sögubíl ásamt 6 söfnum um alla borg. Á afmælisári verður gestrisnin í fyrirrúmi nú sem endranær í starfi safnsins.

Það er mikil áskorun fyrir almenningubókasöfn að sjá fyrir hvert hlutverk þeirra verður í framtíðinni í þeim miklu breytingum sem nú eiga sér stað. Eins og segir í inngangi að sviðsmyndum Borgarbókasafns sem samráð safnsins vann árið 2012, þá lifum við á miklum breytingatímum og ekki er vitað hvert þeir leiða okkur. Borgarbókasafn hefur þegar tekið mikilvæg skref í þá átt að móta ný meginmarkmið til að mæta þessum breytingum. Það má sjá í því starfi sem innt er af hendi innan safnsins í dag sem einkennist af miklum sköpunarkrafti og hugmyndaauðgi. Þessi markmið lúta að upplifun, styrkingu, þátttöku og nýsköpun og speglast verkefni safnsins árið 2013 í þeim.

Stefnumótun

Meginmarkmið og leiðarljós Borgarbókasafnsins renna út í byrjun árs og þarfnast endurskoðunar. Við þá vinnu verður stuðst við sviðsmyndir samráðs safnsins og stefnuskrá samstarfsverkefnisins Next Library. Lokið verður við endurskoðun Menningarstefnu Reykjavíkurborgar á árinu og mun ný stefna Borgarbókasafns jafnframt taka mið af henni.

Safnkostur og aðstaða fyrir notendur

Borgarbókasafn telur afar brýnt að endurnýja og auka safnkost eftir mörg niðurskurðarár – en því miður leyfa fjárveitingar ársins ekki raunverulegan viðsnúning á þeirri stöðu. Tekjuhrun hefur orðið í innheimtu sektagreiðslna hjá safninu vegna bættrar þjónustu við lánþega. Tekjufallið er varanlegt og þrengir enn svigrúm safnsins til starfsemi.

Framsetning safnkostsins verður skoðuð með það að leiðarljósi að koma betur til móts við óskir og þarfir gesta. Öll söfnin verða með í þessari vinnu en ekki síst aðalsafn í Grófinni. Notendur vilja gjarnan „gramsá“ eftir efni og því er nauðsynlegt að brjóta nokkuð upp hina hefðbundnu hilluskipan þó alltaf verði nauðsynlegt að setja gögn í hillur á hefðbundinn hátt. Í öllum söfnunum verður fundin aðstaða fyrir hópa til að koma saman, sinna hugðarefnum sínum og styrkja sig í daglegu amstri. Einnig verður stuðlað að því að koma af stað ýmsum viðburðum þar sem starfsmenn safnsins eru með í upphafi en hóparnir starfa síðan áfram sjálfstætt líkt og gert var með leshringina árið 2012.

Nýmiðlun og nýjungar í Gegni

Bryddað verður upp á nýjungum í upplýsingaþjónustu, svo sem netspjalli af vefsetri safnsins og einnig fjölgar

þeim tungumálum á vefsetri þar sem upplýsingar eru veittar á um safnið. Spjaldtölvur, lesbretti og snjallsímar hvers konar ryðja sér mjög til rúms í nýmiðlun og skoðaðir verða möguleikar á að nýta það enn frekar í starfi safnsins. Nú þegar er þessi tækni notuð, m.a. í rafrænum bókmenntagöngum á vef safnsins. Símenntun og fræðsla starfsfólks mun ekki síst verða á þessu sviði. Eftt verður til jafningjafræðslu um þessa nýju tækni á meðal starfsfólks en einnig verður stuðlað að fræðslu fyrir notendur safnsins á þessu sviði.

Teknir verða í notkun tveir nýir þættir í Gegni, bókasafnskerfi safnsins; millisafnalánabáttur og aðfangabáttur. Þjónusta við notendur eykst og einnig upplýsingaflæði innan safnsins. Þessu samfara mun starfsfólk safnsins sækja námskeið og kennslu hjá Landskerfi bókasafna sem og innanhúss.

Rafrænum bókmenntagöngum á netinu fjölgar í fimm á árinu.

Hátíð í bæ

Í apríl verður hinn síungi öldungur Borgarbókasafn Reykjavíkur 90 ára. Af því tilefni verður sett upp sýning um sögu safnsins í Grófarhúsi og einnig er ætlunin að gefa út lítið afmælisrit og verður afmælisins minnst með margvíslegum hætti. Á árinu eru jafnframt liðin 50 ár síðan Sólheimasafn flutti inn í þá byggingu sem hýsir það nú. Það hefur að mörgu leyti sérstöðu sem safn, enda ein af örfáum byggingum í landinu sem eru byggðar sérstaklega sem bókasafn. Sólheimasafn heldur upp á þessi tímamót á árinu.

Bókmenntaborgin verður fyrirferðamikil sem og áður, viðburðir af ýmsu tagi, ekki síst fyrir börn og fjölskyldur og mun safnið taka þátt í hátíðum Reykjavíkurborgar áfram sem endranær.

Símenntun og fræðsla

Auk jafningjafræðslunnar verður á afmælisári leitað leiða til að gera öllum starfsmönnum kleift að fara í fræðsluferð til útlanda til að skoða bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar. Sótt verður um styrki til að kosta ferðirnar. Hugmyndin er að hópurinn fari í tvennu lagi til að hægt verði að halda söfnum Borgarbókasafns opnum.



Haldið verður áfram með verkefni sem snýr að fullorðinsfræðslu fyrir notendur og kynnt verða málefni sem eru efst á baugi hverju sinni.

Fjölmenning

Fjölmenningarverkefni skipa áfram stóran sess í starfsemi safnsins og verða fastir liðir á sínum stað. Einnig verður bryddað upp á nýjungum. Þar má nefna Heimstorgið – opnir laugardagar; félög/hópar fá möguleika á að bjóða upp á menningarlega viðburði, mánaðarleg umsjón félagsins Móðurmáls – Samtaka um tvítýngi á „Sunnudagar eru barnadagar“ og heimanám á vefnum með danska verkefni www.lektieronline.dk að fyrirmynd.

Tvö tilraunaverkefni

Verkefnið Bergin í Breiðholti byggir á tillögum starfs- hóps frá 11.10.2010 og gengur út á að þjónusta

Menningarmiðstöðvarinnar í Gerðubergi, frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs, Iðjubergs, Gerðubergssafns og félagsstarfsins í Gerðubergi verði heildstæðari, markvissari og samhæfðari, íbúum hverfisins til hagsbóta auk þess sem samstarf við félags- og hagsmunasamtök í hverfinu verði eft. Verkefnið er hluti af tilraunaverkefni í Breiðholti sem stendur til ársins 2014.

Fyrir liggur tillaga um að safnið taki þátt í þriggja ára tilraunaverkefni í Norðlingaskóla um samrekstur skóla- safns og Borgarbókasafns. Borgarbókasafnið mun þá leggja til starfskraft og safnkost. Þetta er spennandi verkefni ef af verður því að Norðlingaskóli er miðstöð í hverfinu og almenningur hefur þar með aðgang að safni og skóla. Þetta mundi þýða bætta þjónusta við íbúa hverfisins en bókabíllinn mundi þó hætta að ganga um hverfið.

Viðburðadagatal Borgarbókasafn 2013

Janúar	Nordicomic sýning. Þetta vilja börnin sjá í Gerðubergssafni.
Febrúar	Safnanótt og Ljóðaslamm. Þetta vilja börnin sjá í Gerðubergssafni. Heimsdagur barna í Gerðubergssafni.
Mars	Starfsdagur.
Apríl	Vika bókarinnar, Sumardagurinn fyrsti - Bókaverðlaun barnanna afhent að undangenginni kosningu um allt land. Barnamenningarhátíð. Afmælisýning og dagskrá: Borgarbókasafn 90 ára.
Mái	Myndasögusamkeppni og sýning.
Júní	Kvöldgöngur. Ritsmiðjur. Vikulegar glæpasagnagöngur á ensku. Sumarlestur barna í öllum söfnum. Reykjavík Safarí.
Júlí	Kvöldgöngur. Vikulegar glæpasagnagöngur á ensku. Sumarlestur barna í öllum söfnum.
Ágúst	Kvöldgöngur. Ritsmiðjur. Vikulegar glæpasagnagöngur á ensku. Menningarnótt.
September	Vika símenntunnar.
Október	Málþing.
Nóvember	Norræna bókasafnavikan. Dagur íslenskrar tungu.
Desember	Bókmenntakynningar fyrir unglina.

Barna- og fjölskyldudagskrár, m.a. Sunnudagar eru barnadagar og Fjölskyldumorgnar. Sögustundir og safnkynningar í öllum söfnum.

Ýmsir viðburðir s.s. brúðuleikhús, heimsóknir listamanna, bókmenntadagskrár, leshringir, þrjónakaffi, bókakaffi.

Þátttaka hverfissafna, bókabílsins Höfðingja og sögubílsins Æringja í hverfishátíðum. Myndlistarsýningar í Artóteki og ýmsar aðrar sýningar í einstökum söfnum. Kvikmyndasýningar í Kamesi.

Fjölmenningarlegir viðburðir m.a. sögustundir og safnkynningar á ýmsum tungumálum. Menningarmót fyrir börn og fullorðna s.s. í leik- og grunnskólum og á vinnustöðum. Ratleikur fyrir börn og unglina. Safnkynningar fyrir fólk af erlendum uppruna sem er að læra íslensku. Söguhringur kvenna. Heilahristingur.

Lestrarhvetjandi verkefni o.fl. í tengslum við Bókmenntaborgina.

Lykiltölur	Rauntölur 2010	Rauntölur 2011	Útkomuspá 2012	Markmið 2013
Gestafjöldi	684.987	656.087	628.000	630.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	12.229	10.617	11.000	11.000
Fjöldi viðburða fyrir börn og fjölskyldur	47	48	45	40
Fjöldi gesta sem heimsóttu vefi BBS (meðaltal á	9.388	7.499	10.000	10.000
Fjöldi uppflettinga á vefi BBS (meðaltal á mán) *	55.102	33.752	54.000	55.000
Safnkostur	469.877	470.523	470.000	470.000
Safnkostur á íbúa	3,95	3,95	3,95	3,95
Velta safnkosts-útlán á eintak	2,45	2,35	2,35	2,35
Velta safnkosts-tónlist (eingöngu) útlán á eintak	3,01	2,64	2,64	2,64
Tölvur fyrir gesti	41	41	41	41
Afgreiðslustundir safnanna og bókabíls á viku	321	327	327	327
Afgreiðslustundir á ári	16.693	17.004	17.784	17.784
Afgreiðslust samstarfssafna í Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi á viku	83	80	80	80
Heildarhúsnæði í fermetrum-brúttó	6.726	6.622	6.622	6.622
Útlán	1.152.312	1.106.587	970.000	990.000
Útlán til skipa (fjöldi skipa)	6	7	7	7
Útlán til stofnana (fjöldi stofnana)	5	3	3	3
Bókin heim (fjöldi notenda)	72	75	75	75
Útlán á íbúa	9,7	9,3	9,3	9,3

*Talning á heimasíðu lá niðri frá því í janúar fram í júlí 2011 nema enskar síður og einstaka síða önnur.

* Talning á bókmenntavef lá niðri í nóvember og desember 2011







HÖFUÐBORGARSTOFA



Hlutverk

Höfuðborgarstofa ber ábyrgð á heildarkynningu Reykjavíkur á sviði ferðamála innanlands og utan. Stofan skal vinna stöðugt og markvisst að því að skilgreina sóknarfæri og styrkleika Reykjavíkur á sviði ferðamála, m.a. með samþættingu nýsköpunar og vörubrúunar, markaðssetningar og viðburða. Höfuðborgarstofa skal reka öfluga upplýsingamiðlun fyrir ferðamenn þar sem lögð er áhersla á faglega þjónustu sem tekur til landsins alls. Höfuðborgarstofa skal sjá um framkvæmd á skilgreindum borgarhátíðum og vera skýr farvegur fyrir undirbúning, framkvæmd og kynningu á viðburðadagatali borgarinnar auk þess að sinna samráði og ráðgjöf við skipuleggjendur viðburða. Höfuðborgarstofa skal hafa frumkvæði að því að skilgreina samstarfsfleti á milli stofnana Reykjavíkurborgar og aðila í ferðaþjónustu með það að markmiði að auka samstarf, upplýsingamiðlun og nýsköpun í ferðaþjónustu.

Leiðarljós

Reykjavík eflist sem höfuðborg Íslands í alþjóðlegri samkeppni á sviði ferðamála. Sérstaða hennar sem hreinnar og nútímalegrar menningarborgar í nábýli við einstæða náttúru verði þekkt og virt. Reykjavík verði eftirsóttur áfangastaður allt árið um kring og þannig verði rennt styrkari stöðum undir fjölbreytt atvinnulíf og menningarstarf í tengslum við ferðaþjónustu á Íslandi.

Meginmarkmið

- Styrkja stöðu Reykjavíkur sem höfuðborgar Íslands í alþjóðlegri samkeppni á sviði ferðamála.
- Gera Reykjavík að eftirsóttum áfangastað fyrir ferðamenn allt árið um kring og stuðla þannig að betri afkomu vinnulífs og menningarstarfs í tengslum við ferðaþjónustu á Íslandi.
- Vinna að því að gestir Reykjavíkur fái framúrskarandi móttökur.



Fjármál 2013

FRUMVARP 2013 (í þús. kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur 52.277

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 72.757

Innri leiga 386

Annar rekstrarkostnaður 109.806

Rekstrarniðurstaða 130.672

Starfsmannafjöldi 2013

Heildarfjöldi starfsmanna 16

Fjöldi stöðugilda 11,0

- Rækta hlutverk Reykjavíkur sem höfuðborgar gagnvart landinu öllu m.a. með traustri miðlun upplýsinga um Ísland til ferðamanna.
- Stuðla að aukinni fagmennsku og gæðum í upplýsingamiðlun til ferðamanna um Reykjavík og Ísland.
- Auka vægi viðburða og menningar í ferðamennsku í Reykjavík til hagsbóta fyrir íbúa, atvinnulíf og gesti höfuðborgarinnar.
- Virkja stofnanir og fyrirtæki borgarinnar til samstarfs um eflingu Reykjavíkur sem áfangastaðar.

Upplýsingamiðstöð ferðamanna - UMFR

Upplýsingamiðstöðin í Aðalstræti 2 (UMFR) er sú stærsta sinnar tegundar á landinu og má þar finna upplýsingar um gistingu, samgöngur, afþreyingu, menningu, minjar og margt fleira.

Á árinu verður lögð áhersla á að auðkenna og aðgreina UMFR frá þeim fjölmörgu bókunarstöðum sem reknir eru af einkaaðilum í miðborg Reykjavíkur. Fjölgun bókunarstöðva hefur haft þau áhrif að gestum í UMFR hefur fækkað og sala dregist saman. Miðstöðin er samt sú eina sem er bundin samningi um að veita hlutlausar og faglegar upplýsingar. Leitað verður eftir samstarfi við Ferðamálastofu til að tryggja sem best gæði upplýsinga sem ferðamönnum standa til boða og minna á hlutleysi og sérstöðu þessarar miðstöðvar. Unnið verður með ITA, sem sér um sölu og bókunarþjónustu innan vébanda UMFR, að því að efla starfsfólk sem sölu-menn og setja upp hvetjandi sölukerfi.

Gestakortið

Sameiginlegur átaksstarfsmaður Höfuðborgarstofu, Listasafns Reykjavíkur og Minjasafns Reykjavíkur mun vinna við að þróa markaðs- og söluátak fyrir Gestakort Reykjavíkur. Kortið verður þróað áfram m.a. með það fyrir augum að notendur kortsins geti keypt það beint í snjallsíma.

Ferða- og markaðsmál

Áherslur í ferða- og markaðsmálum 2013 endurspeglar Ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2011 – 2020, en grunnstoðir hennar eru: Ráðstefnuborgin, Vetrarborgin, Menningarborgin og Heilsuborgin.

Ráðstefnuborgin – Meet in Reykjavík er samstarfsvettvangur aðila á funda- og hvataferðamarkaði og sér nú alfarið um markaðssetningu á Reykjavík sem vettvang fundu, ráðstefna og alþjóðlegra viðburða auk þess að sjá um þekkingarheimsóknir til Reykjavíkur. Höfuðborgarstofa vinnur náið með Ráðstefnuskrifstofu Reykjavíkur að ýmsum verkefnum tengdum þessum mikilvæga ferðaðjónustumarkaði.

Vetrarborgin

Vetraráherslur munu skipa veigamikinn sess árið 2013. Mótun og þróun Jólaborgarinnar heldur áfram í enn öflugara samstarfi við ýmsa aðila í borginni. Samhliða verður farið í samstarf við erlenda blaðamenn til að kynna verkefnið. Meðal annarra verkefna má nefna bókmenntakynningu fyrir erlenda ferðamenn yfir vetrartímann með það fyrir augum að auka menningarlega afþreyingu fyrir erlenda ferðamenn á lágönn. Um er að ræða samstarfsverkefni Höfuðborgarstofu, Bókmenntaborgarinnar, Borgarbókasafns og Nema-Forum.

Menningarborgin

Í sérstöku samstarfsverkefni Listasafns Reykjavíkur, Minjasafns Reykjavíkur og Höfuðborgarstofu er lögð áhersla á að fá fyrirtæki í ferðaðjónustu til samstarfs um að kynna betur starfsemi þessara stofnana gagnvart erlendum gestum. Meðal verkefna er Reykjavík on Your Own sem kynnir menningartengda borgarferð fyrir gesti skemmtiferðaskipa. Sömuleiðis verður stefnt að meiri sýnileika menningarstofnana Reykjavíkur á ferðakaupstefnum s.s. Vestnorden og MidAtlantic. Einnig verður lögð áhersla á að fá menningarstofnanir til að kynna starfsemi sína á nýrri vefsíðu Höfuðborgarstofu og ný nálgun á fjölbreytta flóru hátíða í borginni verður kynnt undir yfirskriftinni Reykjavík Festival Season.

Heilsuborgin

Fulltrúi Höfuðborgarstofu á sæti í starfshópum um framtíð Sundhallar Reykjavíkur og sundlauganna í Reykjavík. Unnið verður áfram með ÍTR að þessum verkefnum og stefnt að því að þematengja laugarnar, tengja við viðburði, s.s. Vetrarhátíð og Barnamenningarhátíð. Höfuðborgarstofa leggur áherslu á að samþætta markaðssetningu gagnvart erlendum ferðamönnum við kynningu ÍTR á laugunum með það að markmiði að nýta betur jákvætt kynningargildi heita vatnsins og fjölga gestum.

Eitt af þeim verkefnum sem tengjast Ferðamálastefnu Reykjavíkur er að vinna að gerð náttúruleikvalla sem höfði til íslenskra sem erlendra fjölskyldna í ljósi þess að fjölskyldutengdri ferðaðjónustu hefur vaxið nokkuð ásmegin á síðustu árum. Höfuðborgarstofa mun koma þessari tillögu á framfæri við Umhverfis- og skipulags-svið.

Áfram verður lögð megin áhersla á víðtækt samstarf við aðila á ýmsum sviðum í markaðssetningu á borginni. Reykjavíkurborg leggur 40 m.kr. á ári til verkefnisins Ísland allt árið. Mikils er vænt af því verkefni sem á vonandi eftir að skila fleiri ferðamönnum til borgarinnar utan háannar. Iceland Naturally kynnir Reykjavík á Bandaríkjamarkaði, Höfuðborgarstofa kemur að verkefninu Ísland er með etta með innlendum markaðsstofum og vinnur jafnframt að ýmsum verkefnum með ferðaðjónustuaðilum og sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Vörumerki

Hafist verður handa við að endurskoða vörumerki Reykjavíkur í samræmi við áherslur nýrrar ferðamálastefnu. Leitað verður til breiðs hóps til að fá aðstoð við að móta nýtt vörumerki og skýr skilaboð fyrir ferðamanna- og menningarborgina Reykjavík.

Vefur og vefmál

Stefnt er að uppsetningu nýs ferðavefsvæðis í nýju vefumsjónarkerfi á árinu og að ljúka við íslenska hluta vefsins. Vinna þarf að efni og uppsetningu með þeim hætti að aðsókn á vefinn aukist og endurkomum fjölgi. Ráðinn verður ritstjóri fyrir vef- og samfélagsmiðla. Á nýjum vef verður lögð áhersla á upplifun gesta og góða tengingu við viðburði og hátíðir borgarinnar. Vefurinn verður jafnframt nýttur til að afla tekna með birtingu auglýsinga.

Almannatengsl

Áfram verður unnið að kynningu á Reykjavík í erlendum fjölmiðlum. Sérstök áhersla verður lögð á að fá erlenda blaðamenn til landsins í tengslum við ýmsa viðburði frá hausti til vors í samstarfi við Íslandsstofu og verkefnið Ísland allt árið. Höfuðborgarstofa greiðir einnig götu erlends dagskrárgerðarfólks og kvikmyndagerðarmanna sem vilja nýta borgarmyndina í umfjöllun sinni. Eftirfylgni með birtingum og umfjöllun í erlendum miðlum verður eflað og mun nýtast sem áhugaverður efniviður fyrir samfélagsmiðla Höfuðborgarstofu.

Viðburðir

Reykjavík býður upp á fjölbreytta menningarupplifun allt árið um kring. Á starfsárinu verður unnið áfram að þróun árvissra menningarviðburða í borginni og skerpt á sérkennum hvernar hátíðar. Borgarhátíðir og stærri viðburðir verða kynntir sem hluti af Viðburðavertíð í

Reykjavík (Reykjavík Festival Season) sem hefst á Menningarnótt á hverju ári.

Vetrarhátíð verður haldin í febrúar. Safnanótt og Heimsdagur barna verða áfram hornsteinar hátíðarinnar en auk þess verður lögð áhersla á að þróa frekar samstarf við sundlaugar og fyrirtæki. Barnamenningarhátíð er orðinn árlegur viðburður og stendur yfir dagana í kringum Sumardaginn fyrsta í samstarfi við skóla-samfélagið, listamenn og menningarstofnanir. Menningarnótt fær nýtt hlutverk sem upphaf þegar menningarlífið rís úr sumardvala að hausti og Viðburðavertíðar sem áður var getið og verður kynning á starfsemi menningar- og listastofnana, hátíða, listhópa og einstaklinga á innlendum markaði hryggjarstykki hátíðarinnar. Höfuðborgarstofa tekur þátt í skipulagningu á viðburðum í tengslum við tendrun Friðarsúlu Yoko Ono í samstarfi við verkefnisstjóra Viðeyjar og skrifstofu sviðsins. Aðventuhátíð tekur á sig nýja mynd og mun standa yfir alla aðventuna sem liður í að kynna betur Jólaborgina Reykjavík. Hátíðin hefst með tendrun ljósa Óslóartrésins fyrsta sunnudag í adventu og lýkur á Þorláksmessu með tónleikumen þar á milli verður að finna fjölda smærri viðburða þar sem hugað er sérstaklega að gömlum jólasíðum og sagnahefð.

Höfuðborgarstofa leggur áherslu á að vera í virku samstarfi við skipuleggjendur annarra menningar- og lista-hátíða í borginni og mun auk þess halda áfram að veita einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum ráðgjöf um viðburðahald.

Viðburðadagatal Höfuðborgarstofu 2013

Febrúar	Vetrarhátíð / Safnanótt
Apríl	Barnamenningarhátíð
Ágúst	Menningarnótt.
Október	Imagine Reykjavík
Desember	Aðventuhátíð

Lykiltölur	Rauntölur 2010	Rauntölur 2011	Útkomuspá 2012	Markmið 2013
Gestafjöldi á Upplýsingamiðstöð	295.878	298.534	300.000	314.000
Hlutfall ánægðra gesta Menningarnætur	62%	68%	68%	69%
Fjöldi heimsókna á vefsvæði www.meningarnott.is (14. -20. ágúst)		42.393	41.000	42.500
Sala á gestakorti (fjöldi korta)*	7.281	8.091	8.500	11.000
Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi	556.301	629.000	650.000	669.500
Fjöldi heimsókna á vefsvæði www.visitreykjavik.is	352.011	352.950	420.000	428.000



Gestakort Reykjavíkur

Með gestakorti Reykjavíkur er íbúum borgarinnar og gestum hennar gert enn auðveldara að njóta þess öflugna menningarlífs sem borgin hefur upp á að bjóða. Handhöfum kortsins er veittur ókeypis aðgangur að helstu söfnum á höfuðborgarsvæðinu, sundlaugum borgarinnar og strætó.


Einnig fá korthafar ýmsa afslætti og ókeypis aðgang að interneti.


Gestakortin fást í þremur mismunandi stærðum – 24 stunda, 48 stunda og 72 stunda og eru seld á Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Reykjavík auk helstu hótela og bókunarmiðstöðva í borginni.

ARAB
IMMIGRATION

REVOLUTION
OF

EMERGENCY





LISTASAFN
REYKJAVÍKUR



LISTASAFN REYKJAVÍKUR REYKJAVIK ART MUSEUM

Safnið hefur þrjú hús til umráða: Kjarvalsstaði frá 1973, Ásmundarsafn frá 1983 og Hafnarhúsið frá árinu 2000.

Hlutverk

Samkvæmt samþykkt fyrir Listasafn Reykjavíkur er hlutverk stofnunarinnar að:

- Safna svo fullkomnu safni íslenskrar myndlistar sem unnt er, skrá það, varðveita og sýna.
- Rannsaka og sinna fræðslu um myndlist og byggingarlist.
- Efna til kynningar á verkum og starfsemi safnsins.
- Hafa umsjón og eftirlit með myndverkum á almannaferi í eigu borgarinnar.
- Stuðla að því að borgarbúum og öðrum gestum safnsins sé gert kleift að fylgjast með því helsta sem er að gerast í myndlist.

Meginmarkmið

- Að val verka í safneign og til sýninga ráðist af listrænu gildi þeirra fyrst og fremst.
- Að sinna fræðslu, kynningu og útgáfu á þann hátt að nútímalist verði aðgengileg öllum.
- Að hlúa að rannsóknum og skráningu á listaverkum safnsins á þann hátt að safneignin geti þjónað menningarsögulegu hlutverki sínu til frambúðar.
- Að hafa gott eftirlit og umsjón með listaverkum á almannaferi í eigu borgarinnar svo þau haldi listrænu gildi sínu.
- Að sýna helstu stefnur og strauma í list samtímans og með því gera borgarbúum og öðrum gestum safnsins kleift að fylgjast með framsækinni íslenskri og alþjóðlegri myndlist.



Fjármál 2013

FRUMVARP 2013 (í þús. kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur 76.905

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 132.496

Innri leiga 117.394

Annar rekstrarkostnaður 152.787

Rekstrarniðurstaða 325.772

Starfsmannafjöldi 2013

Heildarfjöldi starfsmanna 38

Fjöldi stöðugilda 20,8



HELSTU VERKEFNI 2013

Merkur áfangi

Árið 2013 verða 40 ár liðin frá því að sú stofnun sem nú er kölluð Listasafn Reykjavíkur hóf starfsemi sína. Í tilefni af þessum tímamótum mun safnið gefa almenn- ingi tækifæri til að kynna sér innri starfsemi þess og sögu frá upphafi og um leið að opinbera mikilvægar heimildir um íslenska myndlist. Ekki er um hefðbundna útgáfu á sögu safnsins að ræða, heldur er ætlunin að gera upplýsingar um sýningar safnsins frá upphafi og listaverk í eigu þess aðgengileg í rafrænu formi á vefsíðu safnsins. Þá geta nemendur, fræðimenn og allur almenn- ingur flett í gögnunum og kynnt sér fjölbreytilega starfsemi safnsins á síðastliðnum 40 árum. Undir- búningur hefur tekið þrjú ár og felst m.a. í ljósmyndun á þúsundum verka og skönnun rúmlega 600 sýningar- skráa og bæklinga auk boðskorta og annarra sýningar- gagna.

Sýningar

Almennum safnkosti Listasafns Reykjavíkur verður einnig gerð skil í óvenjulegri og síbreytilegri afmælis- sýningu á Kjarvalsstöðum. Sýningin verður opnuð í byrjun febrúar og stendur yfir í þrjú mánuði en allt sýningartímabilið heldur upphenging verkanna áfram. Um leið og salurinn verður fullhlaðinn verkum verða þau sem fyrst voru sett uppjarlægð og ný verk sett í þeirra stað. Þannig mun sýningin halda áfram að þróast

með stöðugt nýjum verkum út sýningartímabilið. Mark- miðið er að draga allan almennan safnkost safnsins fram úr geymslunum og sýna hann án þess að leggja mat á gæði verkanna fyrirfram. Sér safn Kjarvals verður sýnt í Kjarvalssalnum á sama tíma.

Annað stórt sýningarverkefni er yfirlit yfir íslenska list frá u.þ.b. 1900 til 1960. Sýningin verður á Kjar- valsstöðum yfir sumarmánuðina og fram á haust. Henni er ætlað að gefa bæði erlendum ferðamönnum og ís- lenskum nemendum tækifæri til að kynna sér sögu ís- lenskrar myndlistar og að hvetja til faglegrar umræðu um þróun hennar. Um haustið verður sýning á ljós- myndum Alexander Rodchenkos í tilefni af 70 ára stjórn málasambandi þáverandi Sovétríkjanna og Íslands. Rodchenko var einn mikilsverðasti listamaður 20. aldarinnar og frumkvöðull í notkun ljós- myndamiðilsins sem listforms. Á sama tíma verður stór sýning á verkum Kjarvals í eigu Listasafns Reykjavíkur á dagskrá Þjóðarsafns Rússlands í St. Pétursborg (State Russian Museum). Kjarval er vissulega eitt helsta stolt Íslendinga þegar kemur að myndlist en þó er hann enn næsta óþekktur erlendis og er því mikilvægt að kynna hann með vandaðri yfirlitssýningu. Þjóðarsafnið í St. Pétursborg er fyrsta listasafn rússnesku þjóðarinnar, stofnað af Nicholas II keisara 1895 og hefur yfir að ráða glæsilegum sýningarsölum .



Í Hafnarhúsi munu íslenskir áhugamenn um myndlist fá fyrsta tækifærið til að kynna list Robert Smithsons hér á landi. Smithson er án efa einn áhrifamesti myndlistarmaður seinni hluta 20. aldarinnar og má segja að list hans hafi breytt allri umræðu um samtímalist. Hér verða jarðverk hans tekin fyrir og skoðuð með aðstoð teikninga, ljósmynda, kvikmynda og skúlptúrs. Annar alþjóðlegur listamaður, Zilvinas Kempinas, mun sýna ný verk í Hafnarhúsi um haustið, en Kempinas hefur vakið mikla athygli á síðastliðnum árum í Evrópu og Bandaríkjunum. Meðal íslenskra sýninga verður úttekt á gjörningalist Magnúsar Pálssonar í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík, ný innsetning eftir Ívar Valgarðsson og sameiginleg innsetning Andreu Maack og Hugins Þórs Arasonar.

Viðburðir

Áhersla verður sem fyrr á viðburðadagskrá safnsins. Fyrirlestraröð safnsins, sem að koma vel þekktir erlendir listamenn, sýningarstjórar og gagnrýnendur, verður eftir sem áður unnin í samstarfi við Listaháskóla Íslands og Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar. Safnið mun einnig starfa áfram með Hönnunarmiðstöð Íslands, Iceland Airwaves, fjölmörgum innlendum tónlistarhópum, Sinfóníuhljómsveit Íslands, LornaLAB og fleiri einstaklingum, samtökum og hátíðum sem hafa skipað stóran sess í dagskrá safnsins til þessa.



Lykiltölur	Rauntölur 2010	Rauntölur 2011	Útkomuspá 2012	Markmið 2013
Gestafjöldi	241.952	193.865	175.000	200.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	13.372	12.682	11.500	11.500
Fjöldi viðburða	95	103	105	105
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	7	6	7	5
Útlán listaverka	594	594	658	660
Fjöldi útgáfuverka	20	16	15	15
Fjöldi skráðra listaverka í eigu safnsins	16.082	16.349	16.446	16.500
Fjöldi útlitaverka í umsjón safnsins	137	138	138	139

Sýningar Listasafns Reykjavíkur 2013

19. janúar - 14. apríl	Robert Smithson, Brotinn hringur- Spíralhæð. Á sýningunni er eitt stórt jarðverk þessa mikilvæga frumkvöðuls tekið fyrir og því gert skil með teikningum, ljósmyndum, kvikmyndum og tengdum skúlptúr. (Sýningarstjóri: Eva Schmidt)
19. janúar - 14. apríl	Ívar Valgarðsson—Til spillis. Innsetning í A-sal þar sem Ívar tekur sýningarrýmið og sögu þess til skoðunnar.
20. apríl - 5. maí	Útskriftarsýning Listaháskóla Íslands 2013. Útskriftarárgangur myndlistar- og hönnunardeilda Listaháskóla Íslands sýna verk sín.
18. maí til 1. september	Magnús Pálsson: Gjörningar. Magnús hefur tengt ólíkar listgreinar í verkum sínum. Sýningin samanstendur af leikverkum, kórverkum, raddskúlptúrum, hljóðljóðum og mynd- og hljóðverkum sem eru sett fram á nýstárlegan hátt. (Sýningarstjóri: Hanna Styrmsdóttir og Jón Proppé)
25. maí - 19. ágúst	Andrea Maack og Huginn Þór Arason: The Abstract Museum. Andrea og Huginn vinna með ilm- vatnsframleiðendum til að búa til nýjan ilm sem þau setja fram í vax skúlptúrum. (Sýningarstjóri: Shauna Laurel Jones)
14. september - út árið	Zilvinas Kempinas og Tomas Martišauskis. Tvær aðskildar innsetningar eftir litháska listamenn. Kempinas hefur fengið mikla athygli í Evrópu og Bandaríkjunum en Martišauskis er ungur og upprennandi listamaður í Vilnius.
Lýkur 28. ágúst	Erró – grafík 1949-2009. Sýning sem byggir á þriggja ára skráningarvinnu og rannsóknum þar sem fullkomið yfirlit var gert yfir öll grafísk verk Errós. (Sýningarstjóri: Danielle Kvaran)
22. mars - 28. ágúst	Erró – ævi. Í þessari sýningu verður ævi Errós rakin í textum, ljósmyndum, kvikmyndum. (Sýningarstjóri: Danielle Kvaran)
Lýkur 21. apríl	Inn í kviku. Á sýningunni eru sálfræðilegir og tilfinningalegir þættir í list Ásmundar Sveinssonar teknir til skoðunar. (Sýningarstjórar: Kristín Guðnadóttir og Steinunn Helgadóttir)
5. maí út árið	Ásmundarsafn. Sýning á ljósmyndum af Ásmundi og verkum hans verður í bogasalnum (vinnustofunni) og innsetning eftir Önnu Hallin í Kúlunni.
2. febrúar - 28. apríl	Flæði. Reynt verður að sýna sem mest af almennri safneign Listasafns Reykjavíkur. Sýningin mun vera í stöðugri þróun. Um leið og salurinn verður full hlaðinn verkum munu þau sem fyrst voru sett upp vera fjarlægð og ný verk sett í þeirra stað.
2. febrúar - 28. apríl	Kjarval—Mynd af heild. Öll málverk Kjarvals í eigu Listasafns Reykjavíkur verða til sýnis, hengd í salon stíl. Úrval af teikningum hans verður til sýnis í sýningarborðum.
1. júní - 25. ágúst	Landslag og abstraktlist 1900 - 1950: Yfirlitssýning sem byggir á niðurstöðum bókanna Íslensk lista- saga með það að tilgangi að auka almenna þekkingu á sögunni og gera hana aðgengilega. (Sýningarstjóri: Ólafur Kvaran)
4. október til ársloka	Alexander Rodchenko, bylting í ljósmyndun. Rodchenko var einn af helstu frumherjum avantgarde listarinnar í Rússlandi en einnig mikilvægur áhrifamaður í sögu ljósmyndunar. Sýningin er á dagskrá í tengslum við 70 ára afmæli stjórnmalasambands Íslands og Rússlands.





LJÓSMYNDASAFN
REYKJAVÍKUR



Hlutverk

Ljósmyndasafn Reykjavíkur skal varðveita ljósmyndir, glerplötur, filmur og skyggjur með þeim hætti að borgarbúar og gestir þeirra hafi sem bestan aðgang að ljósmyndum í eigu safnsins. Safninu er jafnframt ætlað að byggja upp og varðveita safn íslenskra ljósmynda sem varpa ljósi á sögu greinarinnar, skrá það, varðveita og sýna. Leitast skal við að afla myndasafna sem endurspeгла sem best íslenskan ljósmyndaarf, sem og myndefnis sem tengist Reykjavík.

Leiðarljós

Ljósmyndasafn Reykjavíkur eflist sem ljósmyndasafn í alþjóðlegu samhengi og veki áhuga sem flestra á menningarlegu hlutverki ljósmyndarinnar.

Meginmarkmið

- Ljósmyndasafn Reykjavíkur sé öllum aðgengilegt
- Safnið gegni hlutverki sínu á framúrskarandi hátt
- Skipulag og stjórnun starfseminnar sé skýrt
- Starfsemin einkennist af þrótti og metnaði
- Ljósmyndir séu snar þáttur í uppeldi og kennslu barna
- Að tryggja örugga varðveislu safnkosts

Fjármál 2013

FRUMVARP 2013 (í þús. kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur 11.670

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 32.294

Innri leiga 10.054

Annar rekstrarkostnaður 12.620

Rekstrarniðurstaða

43.298

Starfsmannafjöldi 2013

Heildarfjöldi starfsmanna 5

Fjöldi stöðugilda 5,0



Sýningar

Í ársbyrjun opnar sýning með myndum eftir Guðmund Ingólfsson með Myndum úr Kvosinni 1986 og 2011 sem sýna breytingu og þróun borgarskipulags á 25 ára tímabili. Sýning þessi er samstarfsverkefni Ljósmyndasafns og Minjasafns Reykjavíkur. Jafnframt er stefnt að málþingi um skipulag Kvosarinnar, ljósmyndaraspjalli og Kvosargöngu.

Um sumarið verður sýning á myndum eftir Spessa en þær koma úr myndaröð hans Mótorhjól sem flestar voru teknar í ferð hans í Bandaríkjunum árið 2012.

Þema haustsýningarinnar verður Náttúran í íslenskum ljósmyndum. Rýnt verður í hvers vegna landslagsljósmyndunin er jafn sterk og raun ber vitni hérlendis, og jafnframt skoðað á hvaða hátt landslagið birtist fólki. Einnig verður skoðað hvort landslagið birtist með öðrum hætti í verkum yngri ljósmyndara.

Í Fremra rými verða þrjár sýningar á árinu. Tvær greiningarsýningar með óþekktum myndum úr safneign þar sem gestum gefst tækifæri að reyna fyrir sér í að greina og staðsetja myndirnar í tíma og þar með aðstoða safnið við skráningu á þeim. Fyrri sýningin opnar í janúar og sú seinni í maí. Um haustið opnar sýning með myndum eftir Hörð Geirsson. Myndirnar eru teknar á sömu stöðum og ýmsir ljósmyndarar gerðu á 19. öld og eru unnar með tækni sem var allsráðandi í ljósmyndaheiminum frá 1851- 1880.

Í Skotinu verða um 7 sýningar, þemað að þessu sinni er blandað en þó lögð áhersla á jafnt hlutfall innlendra og erlendra ljósmynda og jafnt hlutfall kynja.

Samstarfsverkefni

Eins og fram hefur komið er sýningin með myndum eftir Guðmund Ingólfsson samstarfsverkefni Ljósmyndasafns og Minjasafns Reykjavíkur, auk viðburða henni tengdri.

Í samstarfi við Minjasafn Reykjavíkur leggur Ljósmyndasafnið til ljósmyndir í verkefni er tengist nýju hverfaskipulagi hjá Reykjavíkurborg.

Rannsóknir á ljósmyndum eftir konur halda áfram á árinu en þær tengjast yfirlitssýningu árið 2014 á myndum eftir íslenska kvenljósmyndara 1870-2012 sem unnin verður í samvinnu við Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur kemur að þýðingu á seinna bindi handbókar um varðveislu safnkosts sem Þjóðminjasafn Íslands stendur fyrir. Handbókin er ætluð öllum sem starfa við varðveislu menningararfsins, þar á meðal safnmönnum, skjalavörðum, fornleifafræðingum, prestum og staðarhöldurum, en nýtist einnig háskólanemum í þeim fræðigreinum sem tengjast menningararfinum.

Myndagrunnur Reykjavíkurborgar

Ljósmyndasafnið hefur kynnt UTM, Skóla- og frístunda-sviði, ÍTR og fleirum kosti þess að nota sameiginlegan gagnagrunn fyrir ljósmyndir hjá Reykjavíkurborg. Áætlaðir eru reglubundnir kynningarfundir í samvinnu við Borgarskjalasafn um notkun á slíkum Myndagrunni Reykjavíkurborgar sem byggir á sambærilegum skráningaraðferðum hjá sviðum og stofnunum borgarinnar. Stefnan er að vista ljósmyndir miðlægt þannig að sjálf stofnunin/sviðið muni hafa aðgang að eigin ljósmyndum ásamt Ljósmyndasafni og Borgarskjalasafni.

Ljósmyndasafnið stefnir á að setja inn ljósmyndir af húsum og hverfum í Borgarvefsjá, líkt og Minjasafn og Listasafn gera með fornleifar og staðsetningu útilista-verka.

Skráning og sýrulausar umbúðir

Hafist verður handa við að skrá og umpakka myndasafni 365 miðla í varanlegar umbúðir. Mjög mikilvægt er að vinna að umpökkun filmusafnsins sem er um 2 milljónir og varðveita það við viðurkenndar varðveisluaðstæður en slíkt eykur endingu filma um fjöldaáratuga, jafnvel árhundruði.

Safnfræðsla og námskeið

Stefnt er á að bæta við fleiri ljósmyndanámskeiðum fyrir börn á sumrin og fjölga í þrjú. Eins og fyrri ár verður Ljósmyndasafnið í samstarfi við Nikon-skólann.

Sýningar erlendis

Í samstarfi við utanríkisráðuneytið og íslenska sendiráðið í Helsinki sótti Ljósmyndasafnið um að sýna samtímaljósmyndir í þekktasta og virtasta ljósmyndagallerí í Helsinki, Photogallery Hippolyte í Helsinki. Umsóknin fékk jákvæð viðbrögð og sýning á íslenskum samtímaljósmyndum verður opnuð þar í júní 2013. Næsta verkefni þessa samstarfs er að sýna íslenskar samtímaljósmyndir í Berlín í samvinnu við sendiráðið þar.

Um alllangt skeið hefur safnið stýrt undirbúningi að norrænni ljósmyndasýningu í Scandinavia House í New York. Norræni menningarsjóðurinn (Nordisk Kulturfond) hefur veitt verkefninu um 4 m.kr. styrk og stefnt er að opnun sýningarinnar haustið 2013 eða í janúar 2014. Verkefnið er unnið ásamt Fotomuseet í Óðinsvéum, Finnish Museum of Photography í Helsinki, Moderna Museet í Stokkhólmi og Preus Fotomuseum í Horten í Noregi.

Viðburðadagatal Ljósmyndasafns Reykjavíkur 2013

Sýningarsalur 26.1.-5.5.	Guðmundur Ingólfsson
11.5.-22.9.	Spessi
28.9.-12.1.´14	Náttúran í íslenskum ljósmyndum.
Fremra rými 26.1.-5.5.	Greiningarsýning - úr safneign
11.5.-22.9.	Greiningarsýning - úr safneign
28.9.-12.1.´13	Hörður Geirsson
Skotið 31.01–26.03	Paula Prats
28.03– 21.05	Lárus Sigurðsson
23.05 – 16.07	David Lewis
18.07– 10.09	Sunna Ben
12.9.-05.11	Gentaro Ishizuka
07.11-01.01 ´14	Nils Olav Bøe

Allt árið:

Leiðsagnir, fyrirlestraröð, Safnanótt, ljósmyndaraspjall, göngur í hverfum, sígildar ljósmyndunaraðferðir-
ljósmyndanámskeið fyrir börn, Brom-oil námskeið, myndataka á Menningarnótt, Nikon ljósmyndaskólinn.

Lykiltölur	Rauntölur 2010	Rauntölur 2011	Útkomuspá 2012	Markmið 2013
Gestafjöldi	31.143	31.967	32.000	32.000
Skólanemendur í skipulögðum heimsóknum	481	576	600	800
Fjöldi viðburða	20	23	21	22
Fjöldi afgreiddra mynda	2.189	3.090	2.500	3.000
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	8	14	9	12
Fjöldi innlita á heimasíðu	18.782	19.069	19.000	18.000



Menningarkort Reykjavíkur



Listilega einfalt

Árskort á:

Listasafn Reykjavíkur

Hafnarhús
Kjarvalsstaðir
Ásmundarsafn

Borgarbókasafn Reykjavíkur

Aðalsafn
Ársafn
Foldasafn
Gerðubergssafn
Kringlusafn
Sólheimasafn

Minjasafn Reykjavíkur

Árbæjarsafn
Landnámssýning

menningarkort.is





MENNINGARMÍÐSTÖÐIN
GERÐUBERG

Hlutverk

Menningarmiðstöðin Gerðuberg er alhliða menningarmiðstöð sem leggur áherslu á gott aðgengi borgarbúa á öllum aldri að viðburðum og fræðslu á sviði menningar og lista.

Leiðarljós

Gerðuberg eflist sem alhliða menningarmiðstöð með fjölbreyttri og metnaðarfullri menningarstarfsemi og sé griðastaður góðra hugmynda og frjórrar nálgunar.

Meginmarkmið

- Að starfsemin einkennist af fagmennsku og metnaði.
- Að sinna frjóu samstarfi við einstaklinga, listamenn, félög og samtök, innlendir og erlendir mennta- og menningarstofnanir.
- Að mæta þörfum ólíkra hópa þjóðfélagsins óháð aldri og uppruna.
- Að leggja rækt við listrænt og skapandi starf fyrir, um og með börnum.
- Að sinna samstarfsverkefnum á sviði fjölmenningar sem auka víðsýni og skilning í litríku menningarsamfélagi borgarinnar.
- Að hlúa að og miðla alþýðumeningu með sýningarhaldi og viðburðum í samstarfi við einstaklinga og félög.
- Að leggja áherslu á fræðslu og leiðsögn í tengslum við viðburði og sýningar.
- Að standa að útgáfu á hljóðrituðum þingum rithöfunda og listamanna sem komið hafa fram á Rit- og Sjónþingum í Gerðubergi.



Gildi

Fagmennska - Víðsýni - Sköpunarkraftur - Virðing

Fjármál 2013

FRUMVARP 2013 (í þús. kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur 7.860

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 47.469

Innri leiga 24.288

Annar rekstrarkostnaður 19.928

Rekstrarniðurstaða

83.825

Starfsmannafjöldi 2013

Heildarfjöldi starfsmanna 10

Fjöldi stöðugilda 7,8



HELSTU VERKEFNI 2013

Viðburðadagskrá

Gerðuberg fagnar 30 ára afmæli á árinu 2013. Lagt hefur verið kapp á að skipuleggja fjölbreytta og áhugaverða dagskrá þar sem að allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Í byrjun árs verður opnuð sýning á origami pappírslista- verkum eftir eftir hjónin og listamennina Dave og Assia Brill. Haldin verða námskeið á sýningartímanum jafnt fyrir lærða sem leikna. Farandsýningin Þetta vilja börnin sjá!, þar sem getur að líta myndskreytingar úr íslenskum barnabókum, verður á sínum stað en að þessu sinni verður sýningin sett upp á nýjan og ferskan hátt með áherslu á sjónræna upplifun og lestur. Sýningin flakkar síðan um landið út árið. Gerðuberg mun taka þátt í Hönnunarmarsi í fyrsta sinn. Starina Couture er útskriftarverkefni Ólafs Helga Ólafssonar í tísku- og textíl- hönnun frá Milanó. Þar skapar Ólafur ævintýraheim æsku sinnar í tískuformi.

Í byrjun mars fagnar Gerðuberg afmæli sínu með vandaðri tónlistardagskrá í umsjón Margrétar Bóasdóttur og barnafjölskyldum verður boðið á tvær kveðskaparsmiðjur; Krummi krunkar úti og Dans vil ég heyra, sem hafa átt miklum vinsældum að fagna meðal skólubarna.

Viðburðaraðirnar sívinsælu á miðvikudagskvöldum, Handverkskaffi, Stefnumótakaffi, Heimspelikaffi og Bókakaffi halda velli með spennandi viðfangsefnum. Þar má meðal annars fræðast um hamskurð, ferðalög um Marokkó, samískar bókmenntir og tónleikaferðalag tvíburasystranna í Pascal Pinon.

Sýningin Fuglar— Listin að vera fleygur boðar vorið í Gerðubergi. Sýningarstjóri er Þórunn Elísabet Sveinsdóttur. Boðið verður upp í dagskrá og leiðsagnir, m.a. í samstarfi við Fuglavernd.

Margt áhugavert verður í boði fyrir börn og foreldra. Heimsdagur barna verður á dagskrá Vetrarhátíðar í febrúar auk þess sem Öskudagurinn verður haldinn hátíðlegur með árlegri Öskudagsgleði sem vekur jafnan mikla lukku. Á Barnameningarhátíð í apríl verða fuglar í aðalhlutverki en boðið verður upp á dagskrá sem tengist sýningarþema vorsins.

Glæsileg dagskrá verður í boði undir merkjum Klassíkur

í hádeginu en þar mun Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari koma fram ásamt Svövu Bernharðsdóttir víóluleikara, Hrólfi Sæmundssyni baritón, Sigurði Flosasyni saxafónleikara og Sigurði Bragasyni baritón.

Kristín Steinsdóttir rithöfundur situr fyrir svörum á Ritþingi í október en hún er afkastamikill og marg- verðlaunaður höfundur bæði á sviði barna- og unglingsbókmennta sem og bókmennta fyrir fullorðna.

Á haustmánuðum verður sett upp sýning um listrænar húðskreytingar þar sem leitast verður við að fá innsýn í tilhneingingu og þörf mannsins fyrir að skreyta líkama sinn. Þá mun Erla María Árnadóttir myndskreytir og hreyfimyndasmiður opna sýningu á finlegum og áferðarfallegum teikningum sem einkennast gjarnan af ljúfsætum óhugnaði.


Hverfistengd verkefni

Haldið verður áfram að vinna að sameiginlegum verkefnum sem tengjast Breiðholtinu. Í fyrsta lagi verkefninu Bergin í Breiðholti sem lýst er að ofan í kafla Borgarbókasafns Reykjavíkur. Einnig verður lögð áhersla á samstarf við Félag eldri borgara sem stendur að Fagrabergi, þjónustuíbúða sem byggðar hafa verið við hlið Gerðubergs.

Innra starf

Haldið verður áfram að vinna að ýmsum sérverkefnum og ber þar hæst átak í nýmiðlun. Mörkuð verður stefna varðandi miðlun upplýsinga á veraldarvefnum í gegnum heimasíðu og samfélagsmiðla. Unnið verður markvisst að því að starfsmenn læri betur á og tileinki sér notkun samfélagsmiðla og mæti þannig kröfum nútímasamfélags um öflugna vefmiðlun.

Kraftmikið og skapandi starf Gerðubergs er afrakstur mikillar vinnu og eljusemi starfsfólksins sem leggur allan sinn metnað í störf sín. Að hlúa að starfsfólki og stuðla að góðri líðan og betra umhverfi er því alltaf í forgangi. Í tilefni af afmælisárinu verður reynt að afla styrkja til að sinna fræðslu, sækja innblástur og hugmyndir að viðburðum og verkefnum næstu ára s.s. með því heimsækja söfn og menningarmiðstöðvar í öðru landi.



Viðburðadagatal Gerðubergs 2013

Viðburðaraðir	<p>Fjölbreytt dagskrá á miðvikudagskvöldum. Handverkskaffi, Stefnumótakaffi, Heimspækikaffi og Bókakaffi.</p> <p>Kvæðamannafélagið lðunn heldur æfingar og félagsfundir í fyrstu viku hvers mánaðar í janúar til maí og frá október til desember.</p>
Helstu sýningar og viðburðir í janúar - júní	<p>Origami—Brot í brot. Sýning á pappírslitaverkum hjónanna Dave og Assia Brill í samstarfi við áhugamannafélagið Origami Ísland.</p> <p>Þetta vilja börnin sjá! Farandsýning á myndskreytingum úr íslenskum barnabókum.</p> <p>Dimmalimm— Íslensku myndskreytverðlaunin afhent fyrir bestu myndskreyttu barnabókina</p> <p>Hugmynd—Sesselja Ásgeirsdóttir alþýðulistakona og fyrsti starfsmaður Gerðubergs sýnir málverk í Boganum.</p> <p>Heimsdagur barna á Vetrarhátíð—Í samstarfi við Miðberg og Gerðubergssafn.</p> <p>Öskudagsgleði—Í samstarfi við Miðberg.</p> <p>Gerðuberg 30 ára – afmælisdagskrá</p> <p>Klassík í hádeginu – Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari kemur fram ásamt Svövu Bernharðsdóttur víóluleikara og Hrólfi Sæmundssyni baritón.</p> <p>Starina Couture—Ólafur Helgi Ólafsson sýnir útskriftarverkefni sitt á Hönnunarmars.</p> <p>Framtíðarbókin—Barna- og unglingsbókaráðstefna í samstarfi Borgarbókasafn og fleiri aðila.</p> <p>Fuglar – Listin að vera fleygur. Sýning undir stjórn Þórunnar Elísabetar Sveinsdóttur þar sem fuglar í ýmsum myndum birtast í listaverkum og handverki.</p> <p>Fuglinn minn— Á Barnamenningarhátíð verður boðið upp á leiðsögn um sýninguna Fuglar og listsmiðju fyrir börn á öllum aldri.</p> <p>Boðið upp í dans—Samstarfsverkefni Gerðubergs og Listahátíðar í Reykjavík þar sem boðið verður upp á spennandi dagskrá fyrir skólabörn.</p>
Helstu sýningar og viðburðir frá ágúst til desember	<p>Ný sýning í Safnarahorni.</p> <p>Sýning um listrænar húðskreytingar sem gefur innsýn í tilhneigingu og þörf mannsins til að skreyta líkama sinn.</p> <p>Vilhjálmur G. Vilhjálmsson sýnir málverk í kaffihúsi.</p> <p>Ritþing – Kristín Steinsdóttir rithöfundur situr fyrir svörum.</p> <p>Klassík í hádeginu – Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari kemur fram ásamt Sigurði Bragasyni baritón og Sigurði Flosasyni saxafónleikara.</p> <p>Erla María Árnadóttir myndskreytir og hreyfimyndasmiður sýnir teikningar sem einkennast af ljúfsætum óhugnaði.</p>

Lykiltölur	Rauntölur 2010	Rauntölur 2011	Útkomuspá 2012	Markmið 2013
Gestafjöldi	115.680	124.013	120.000	130.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	4.468	5.922	4.500	6.000
Fjöldi viðburða	72	84	87	75
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	1	2	1	2
Samstarfsaðilar	42	42	37	40



KOMDU MEÐ Á HUGARFLUG

Leyfðu Sleipni að leiða þig inn í ævintýraheim bókanna

  United Nations
Educational, Scientific and
Cultural Organization  CREATIVE
CITIES
NETWORK bokmenntaborgin.is *ordid er frjálst*  **Reykjavík
Bókmenntaborg
UNESCO**





MINJASAFN
REYKJAVÍKUR



Minjasafn Reykjavíkur

Hlutverk

Að stuðla að varðveislu menningarminja í Reykjavík með þeim hætti að borgarbúar og gestir þeirra hafi sem bestan aðgang að menningararfi borgarinnar. Sýningar safnsins eru í Árbæjarsafni og Landnámssýningunni Reykjavík 871±2.

Leiðarljós

Minjasafn Reykjavíkur safnar, varðveitir og rannsakar menningarminjar í Reykjavík og miðlar þekkingu um sögu borgarinnar og lífskjör íbúa frá upphafi byggðar til líðandi stundar.

Meginmarkmið

- Að rannsaka sögu og þróun Reykjavíkur út frá minjum; fornleifum, byggingum og lausum gripum.
- Að miðla þekkingu um sögu borgarinnar með sýningum, fræðslustarfi og útgáfu.
- Að standa vörð um menningarminjar í Reykjavík, halda skrá yfir þær; munaskrá, fornleifaskrá og húsa-skrá.
- Að standa að samtímasöfnun sem varpar ljósi á daglegt líf í borginni á tuttugustu öld.
- Að efla miðlun sem byggir á rannsóknum og aukinni notkun nýmiðla.



Fjármál 2013

FRUMVARP 2013 (í þús. kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur 42.420

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 111.304

Innri leiga 69.770

Annar rekstrarkostnaður 69.178

Rekstrarniðurstaða 207.832

Starfsmannafjöldi 2013

Heildarfjöldi starfsmanna 37

Fjöldi stöðugilda 17,6



HELSTU VERKEFNI 2013

Minjasafn Reykjavíkur sinnir rannsóknum á menningar-sögulegum minjum í borginni og miðlun þekkingar um þær. Megináhersla í starfi safnsins á árinu verður á innra starf; varðveislu, skráningu, rannsóknir og miðlun þekkingar sem fæst með þeim. Jafnframt verður unnið að undirbúningi nýrrar grunnsýningar sem stefnt er að því að opna á 60 ára afmæli safnsins árið 2014.

Sem fyrr verður haldið í þá fjölbreyttu dagskrá fyrir börn og fjölskyldur sem verið hefur í Árbæjarsafni og Landnámssýningunni. Með auknum opnunartíma að vetri í Árbæjarsafni er þjónusta við ferðamenn bætt og verður gert sérstakt átak til að fjölga erlendum gestum í Árbæjarsafni og Landnámssýningunni.

Árbæjarsafn

Fjárveiting til viðhalds og endursmíði safnhúsa er því miður lítið aukin frá fyrra ári og verður því erfitt að taka aftur upp þráðinn í endurgerð Ívarssels og fyrirsjáanlegur er enn frekari dráttur á að endurgerð Hansenshúss að innanverðu geti hafist. Aðeins allra brýnustu viðhaldsverkefni verða unnin en þessi mikilvægi þáttur í starfsemi safnsins er komin niður fyrir sársaukamörk.

Liður í undirbúningi nýrrar grunnsýningar verður að hefja endurbætur á sýningarrými í húsinu Lækjargötu 4. Unnið verður áfram að gerð sögulegra garða við safnhúsin á grundvelli hugmynda sem unnar voru í átaksverkefni árið 2010. Brýnt er að hefja undirbúning að flutningi á íbúðarbragga sem safnið hefur þegið að gjöf. Unnið verður að undirbúningi að gerð nýrrar grunnsýningar í húsinu Lækjargötu 4, þar sem þróun byggðar í Reykjavík verða gerð skil. Vinnuhópur mun vinna að sýningarhugmynd og frumhönnun með það fyrir augum að unnt verði að opna nýja sýningu á 60 ára afmæli safnsins árið 2014.

Á síðasta ári fékk safnið styrk úr Safnasjóði til að þróa leikræna leiðsögn í Árbæjarsafni. Haldið verður áfram með verkefnið og safnsvæðið glætt lífi með stuttum leikþáttum þar sem brugðið verður upp myndum úr lífi Reykvíkinga fyrr á tímum.

Unnið verður leiðsögukort um safnasvæðið í Árbæjarsafni með Íslendingum af erlendum uppruna. Markmiðið er að koma rödd innflytjenda á framfæri innan safnsins og stuðla að samræðum milli Íslendinga af ólíkum uppruna.

Sýningar í safnhúsum

Minjasafnið verður sem fyrr í samstarfi við námsbraut í hagnýtri menningarmiðlun við H.Í. um námskeið í samtímasöfnun og verður afrakstri þeirrar vinnu gerð skil í safninu. Opnuð verður sýning um hina ítarlegu byggingarsögulegu rannsókn sem liggur til grundvallar endurgerð Hansenshúss.

Sýning um hannyrðir tengdar íslenska þjóðbúningnum verður sett upp í Líkn. Samstarf verður við Heimilisíðnaðarfélag Íslands sem fagnar 100 ára afmæli á árinu um sýningar og viðburði.

Sýning á ljósmyndum Guðmundar Ingólfssonar úr Kvosinni verður opnuð í Ljósmyndasafni Reykjavíkur í janúar. Sýningin er samstarfsverkefni Minjasafns og Ljósmyndasafns. Þar verður ljósmyndum hans, sem teknar voru í Kvosinni árið 1986 og birtust í bókinni Kvosin byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur, stillt við hlið ljósmynda sem eru teknar á sama svæði árið 2011. Í tengslum við sýninguna verður efnt til viðburða og fræðsludagskrár.

Fræðsla og viðburðir

Áfram verður unnið að gerð nýrrar leiðsögubókar um Árbæjarsafn, og stefnt að útgáfu á næsta ári. Samhliða því verður unnið að gerð hljóðleiðsagna um safnið.

Viðburðir verða sem fyrr hluti af sumardagskrá í Árbæjarsafni. Minjasafnið mun taka þátt í gönguferðum um Kvosina, Safnanótt, Menningarnótt og Barnamenningarhátíð eins og undanfarin ár. Boðið verður upp á leiðsagnir fyrir ferðamenn allt árið og dagskrár jafnt sumar sem vetur fyrir börn og fjölskyldur.

Varðveisla

Safnið tekur þátt í þróun á Sarpi – menningarsögulegum gagnagrunni í samstarfi við Þjóðminjasafnið og önnur



minjasöfn. Í Sarp er safnað á einn stað upplýsingum um safngripi, hús og fornleifar og verður hann grunnur að þekkingarsköpun og gefur aukna möguleika á rafrænni miðlun, því með honum verður aðgangur almennings að safnkosti um vefinn mögulegur. Markmiðið er að allur safnkostur verði skráður í Sarp fyrir árið 2016. Átak í skráningu og ljósmyndun gripa hefur staðið yfir undanfarin ár og hafa starfsmenn í atvinnuátaki ásamt háskólanemum verið ráðnir til að flytja gögn í Sarp og verður þeirri vinnu haldið áfram eftir því sem fjárveitingar leyfa.

Minjasafnið tekur þátt í nýju samstarfsverkefni á sviði samtímasöfnunar með Þjóðminjasafni, Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands og fleiri söfnum. Umfjöllunarefnið er heimilið, efnismenning, hífylahættir og hversdagslíf. Niðurstöður verða kynntar í skýrslu en einnig er stefnt að sýningum á þátttökusöfnunum og /eða farand-sýningu.

Skjalavistunarátaki verður haldið áfram og innleiddur nýr málalykill og gengið frá eldri skjölum til varðveislu.

Minjavarsla

Unnið verður að varðveislu menningarminja í borgarlandinu með skráningu, rannsóknnum og miðlun með það að markmiði að auka aðgengi að upplýsingum um

menningarminjar á vef safnsins og í Borgarvefsjá. Samstarf við LUKR, landupplýsingakerfi borgarinnar, bætir aðgang almennings að þekkingu um sögu borgarinnar og leiðir jafnframt til vandaðri stjórn-sýslu.

Fornleifaskrá verður endurskoðuð og flutt í nýjan Sarp. Fornleifaskráning fer fram í tengslum við hverfisskipulagsgerð og framkvæmdir. Unnið verður að skráningu minja á hafnarsvæðum í Reykjavík í samstarfi við Faxaflóahafnir.

Í áratugi hefur safnið unnið að gerð húsakannana í tengslum við gerð deiliskipulags í eldri hverfum borgarinnar í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Í nýjum skipulagslögum er heimild fyrir því að vinna deiliskipulag á stærri svæðum og kallast það hverfisskipulag. Haldið verður áfram vinnu við húsakannanir vegna hverfisskipulags.

Húsverndarstofa í Kjöthúsi í Árbæjarsafni verður opin sem fyrr en þar er í boði ráðgjöf um viðgerðir og viðhald eldri húsa.

Unnið verður úr rannsóknum um fornleifar og hús í Reykjavík og undirbúin gerð gagnvirkra sögukorta eins konar „Borgarkróniku“ yfir hverfi Reykjavíkur, sem birt verður á vef safnsins.



Viðburðadagatal Minjasafns Reykjavíkur 2013

Jan - mars	Guðmundur Ingólfsson – Kvosarmyndir. Ljósmyndasýning og viðburðir í samvinnu við Ljósmyndasafn Dagskrá á Safnanótt Fjölskyldudagskrá á Landnámssýningu og á Árbæjarsafni Þorinn í sveitinni – leiðsagnir fyrir skólahópa
Apríl - júní	Viðburðir á Barnamenningarhátíð (Landnámssýning og Árbæjarsafn) Sumardagskrá Árbæjarsafns Sunnudagsviðburðir Búningasýning í Líkn Saga Hansenshúss og endurgerð - sýning Jónsmessugleði Félags eldri borgara og Árbæjarsafns Jónsmessunæturanga Árbæjarsafns Verkefni nemenda HÍ í Árbæjarsafni kynnt Afmælishátíð Heimilisiðnaðarfélags Íslands
Júlí- sept	Kvosargöngur Leikrænar leiðsagnir á Árbæjarsafni Örnámskeið Sérsýningar í Listmunahorni Dagskrá á Menningarnótt Sérsýningar í Lækjargötu
Okt- des	Jól í heiðnum sið - Landnámssýningin Jóladagskrá Árbæjarsafns fyrir skóla Bráðum koma blessuð jólin, jólasýning Árbæjarsafns á aðventu

Allt árið:

Móttaka hópa og leiðsagnir alla daga í Árbæjarsafni og Landnámssýningu.

Húsvendastofa – ráðgjöf alla miðvikudaga.

Lykiltölur	Rauntölur 2010	Rauntölur 2011	Útkomuspá 2012	Markmið 2013
Gestafjöldi	72.838	64.514	66.500	70.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	12.969	11.141	12.000	13.000
Fjöldi viðburða	50	46	50	50
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	3	2	1	1
Fjöldi bygginga í umsjón/rekstri safnsins	43	43	43	43
Fjöldi útgáfuverka	5	5	3	5
Fjöldi skráðra fornleifa í Reykjavík	2.250	2.350	2.476	2.600
Fjöldi skráðra safngripa í Sarp	10.500	11.975	16.400	17.000





VIÐEY

Viðey

Meginmarkmið

- Að Viðey eflist sem ákjósanlegur áfangastaður fjölskyldna og ferðamanna, innlendra og erlendra.
- Að saga Viðeyjar og menningarverðmæti verði aðgengileg gestum á skemmtilegan hátt.
- Metnaðarfull og fræðandi dagskrá prýdd nýjungum sé í boði fyrir gesti Viðeyjar.



Fjármál 2013

FRUMVARP 2013 (í þús. kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur 3.779

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 9.449

Innri leiga 25.603

Annar rekstrarkostnaður 39.578

Rekstrarniðurstaða 70.850

Starfsmannafjöldi 2013

Heildarfjöldi starfsmanna 2

Fjöldi stöðugilda 1,3

HELSTU VERKEFNI 2013

Nú sem fyrr verður unnið markvisst að því að gera Viðey að áhugaverðum áfangastað fyrir höfuðborgarbúa og ferðamenn, unga sem aldna. Lagt er upp með litríka, líflega og fræðandi dagskrá. Dagskráin er unnin í náinni og góðri samvinnu við samstarfsaðilana, Hvalaskoðun ehf. sem sjá um ferjusiglingar og fleira og Hótel Holt sem sér um veitingastaðinn í Viðey.

Viðey allt árið

Markmiðið Viðey allt árið hljómar ef til vill sem háleitur draumur en er nú þegar raunveruleiki sem er unnið markvisst að með samstarfsaðilum. Friðarsúlu-siglingarnar í október fram í desember hafa notið vinsælda og verður stefnan sett á Viðey öll kvöld frá 9. október til 8. desember. Tónleikahald einn fimmtudag í mánuði síðastliðið sumar tókst afar vel og er stefnt að því að halda tónleika í Viðeyjarstofu einu sinni í mánuði alla mánuði ársins. Falleg og

viðeigandi jóladagskrá verður í gömlu og glæstu húsunum í Viðey. Stefnt er á skemmtilega dagskrá á Þorra og á páskum er boðið upp á ævintýrlega eggjaleit. Rysjótt tíðarfar að vetri hefur vissulega áhrif á vetrarstarf í eyjunni en hins vegar eru uppi hugmyndir um að skipuleggja með stuttum fyrirvara viðburði ef vel viðrar. Ef snjó festir og vindar er vingjarnlegir er tilvalið að renna sér á sleðum í brekkunum við Viðeyjarstofu og jafnvel arka um eyjuna á gönguskíðum.

Sumarið er mikill annatími í Viðey. Þriðjudagsleiðsagnir eiga sinn fasta sess og verður boðið upp á hefðbundnar ferðir þar sem sögu, náttúru og list er miðlað til þátttakanda í göngutúrnum en einnig verður boðið upp á annarskonar leiðsagnir sem hafa verið nokkuð vinsælar t.d. jólaganga, stafganga og lygasöguganga. Konur munu í ár líft og undanfarin ár hlaupa um eyjuna í Kvenna-hlaupi ÍSÍ. Heimsóknir skól barna á vorin er fastur liður

og einnig koma alltaf nokkrir hópar á haustin. Hestaleiga hefur gengið mjög vel og er komin til að vera. Viðeyjarhátíð verður á sínum stað sem og barnadagurinn, sólstöðuhátíð, frumbyggjadagurinn, töðugjöldin og fleira. Skátar halda einnig sitt árlega skátamót í eyjunni.

Miðlun og menning

Listaverkin sem eyjuna prýða hafa aukið hróður hennar. Friðarsúla Yoko Ono er víðfræg og verk Richards Serra er einstakt en er svolítið eins og vel varðveitt leyndarmál. Sjálfsgagt er að vinna í því að kynna stórbrotið verk Serra betur og kynna Viðey sem áfangastað fyrir ferðamenn með áhuga á menningu og listum.

Í tilefni þess að Reykjavík er bókmenntaborg UNESCO er rétt að minnast þess að Kjalnesingasaga og líklega fleiri Íslendingasögur voru skrifaðar í Viðeyjarklaustri. Ferðasaga Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar var að stórum hluta rituð í eyjunni en þar var starfrækt prentsmiðja í þrjú áratugi á framanverðri 19.öld. Viðey á nokkrar mjög merkar bækur þeirra á meðal eintak af Guðbrandsbiblíu. Bækurnar eru nú í vörslu Ljósmyndasafns Reykjavíkur sem er að skrá og yfirfara bækurnar. Þegar því starfi er lokið er hugmyndin að undirbúa sýningu á bókunum og um bækurnar og bókmenntaarfinn sem Viðey hefur getið af sér. Stefnt er

að því að fá nemendur í menningarmiðlun við Háskóla Íslands til samstarfs um hönnun og gerð sýninga sem gætu jafnvel verið lokaverkefni þeirra til meistara-prófs.

Stefnt er á að kynna Viðey fyrir nemendum í Leiðsögu-skóla Íslands og í leiðsögunámi í Endurmenntun HÍ og ef til vill einnig fyrir nemendum í ferðamálafræði og víðar. Einnig er stefnt að því að bjóða félagsmönnum í Leiðsögumannafélagi Íslands upp á fræðslu um Viðey og að sjálfsögðu verður öllum boðið í kynnisferð. Það mun eflaust skila sér í betri kynningu til erlendra ferðamanna.

Hefja á undirbúning við hugmyndavinnu og hönnun nýs leiksvæðis fyrir börn. Mikilvægt er að svæðið verði hannað með húsakost, sögu og náttúru staðarins í huga en einnig að það henti fyrir fötluð sem ófötluð börn. Þá verður hugað að því að leiksvæðið tengist gönguhringleið í eyjunni og geti þannig orðið að skemmtilegri ævintýraferð fyrir börn og foreldra eða kennara.

Þá stendur til að hefja vinnu við að bæta aðgengi í eyjunni fyrir hreyfihamlaða og sjóndapra. Grænu skrefin verða áfram stigin í átt að vottun á Viðey sem grænum áfangastað.

Viðburðadagatal Viðeyjar 2013

Jan-feb	Boðið verður upp á þorablót með skemmtun í Viðeyjarstofu
Mars	Friðarsúla Yoko Ono lýsir upp himininn í eina viku á vorjafndægri
Júní	Viðeyjarhátíð Kvennahlaup Sólstöðuhátíð
Júlí	Frumbyggjadagur Barnadagur
Ágúst	Regnbogahátíð Töðugjöld
Júní-ágúst	Þriðjudagsgöngur af ýmsum toga allt sumarið Hestaleiga
Október	Tendrun Friðarsúlunnar. Sérstakar Friðarsúlisglingar hvert kvöld til 8. desember
Nóv-des	Jóladagskrá Friður og fjölmening í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur
Jan-des	Tónleikar eitt fimmtudagskvöld í mánuði.

Lykiltölur	Rauntölur 2010	Rauntölur 2011	Útkomuspá 2012	Markmið 2013
Gestafjöldi	22.860	19.421	25.000	26.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	1.958	2.011	2.000	2.100
Fjöldi viðburða	28	22	28	30
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	1	2	2	2



Helstu verkefni 2012

Menningar- og ferðamálsvið 2012

Lesið í borg var yfirskrift Menningar- og ferðamálsviðs árið 2012.

Stefnumótun

Virkjun ferðamálastefnunnar Styrkar stoðir var eitt af lykilverkefnum ársins, en með henni fylgdi ítarleg aðgerðaáætlun. Nánar er fjallað um það í yfirliti frá Höfuðborgarstofu. Vinnuhópur um endurskoðun menningarestefnunnar Menning er mannrækt starfaði á árinu án þess að ljúka tillögugerð.

Verkefni og samstarf á vegum Menningar- og ferðamálsviðs

Í tilefni af hinum nýfengna titli - Bókmenntaborg UNESCO - var lögð sérstök áhersla á orðsins listir. Á afmælisdegi Reykjavíkurborgar gaf Reykjavíkurborg Rithöfundasambandi Íslands Gunnarshús að Dyngjuvegi 8 í tilefni af því að Reykjavík væri orðin ein af Bókmenntaborgum UNESCO.

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO

Árið 2012 var viðburðaríkt í Bókmenntaborginni Reykjavík enda var verkefnið að taka sín fyrstu skref.

Nýr og endurbættur vefur á íslensku og ensku var opnaður meðgagnvirkri bókmenntakorti með upplýsingum um bókmenntaslóðir og rafrænum bókmenntagöngum, tímaás íslenskra bókmennta, viðburðadagatali og betri tengingum við vefinn bókmenntir.is. Kallað var eftir tillögum að slagorði fyrir Bókmenntaborgina frá almenningi og urðu slagorðin „Orðið er frjálst“ og „Pass the Word“ fyrir valinu. Skáldfákurinn Sleipnir gekk til liðs við Bókmenntaborgina á árinu og hefur hann fengið það hlutverk að hvetja börn og ungmenni til að lesa og benda á þá gleði og hugarflug sem felst í lestri og skáldskap.

Bókmenntaborgin tók virkan þátt í borgarhátíðum ársins, t.d. með því að setja upp „skáldaglugga“ í miðborginni á Vetrarhátíð og með dagskrám á Barnamenningarhátíð, Listahátíð, Hinsegin dögum og Menningarnótt. Fyrsta Lestrarhátíðin í Reykjavík fór fram í október og var skáldsagan Vögguvísa eftir Elías Mar í brennidepli. Skólar, allt frá leikskólum til háskóla, tóku þátt í hátíðinni, en að auki var lestrarhátíðin haldin fyrir fólk á öllum aldri. Bókmenntaborgin gaf leikskólum nýja vögguvísu í tilefni hátíðarinnar. Í upphafi lestrarhátíðar var fyrsta bókmenntamerking Bókmenntaborgarinnar afhjúpuð og einnig voru „skáldabekkir“ nýjung á árinu, en þar má hlýða á upplestur úr íslenskum skáldskap í snjallsímum.



Bókmenntaborgin tók þátt í margháttuðu samstarfi á þessu fyrsta heila starfsári sínu. Meðal annars var útbúinn bæklingur með gönguleið til kynningar á helstu gersemum sem tengjast sagnaarfi Þjóðarinnar í samstarfi við Minjasafn Reykjavíkur, Þjóðminjasafn, Árnastofnun og Þjóðmenningarhús og einnig vann Bókmenntaborgin að verkefnum Heimsbókmenntir að hausti í samstarfi við forlög og fleiri. Fyrsta þýðingasmíðjan með erlendum skáldum, sem búa í Reykjavík og íslenskum kollegum þeirra, var haldin í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu og ljóðlínur voru stenslaðar á stéttar borgarinnar í samstarfi við Vinnuskóla Reykjavíkur. Bókmenntaborgin kom fyrir tilvitnunum í íslenskan skáldskap í Leifsstöð í samvinnu við ISAVIA og Höfuðborgarstofu og í aðdraganda jóla var boðið upp á bókmenntakynningar fyrir erlenda ferðamenn í samvinnu við NemaForum. Bókamessa í Bókmenntaborg var haldin í annað sinn í samvinnu við Félag íslenskra bókaútgefenda.

Styrkveitingar og viðurkenningar

Tímamót urðu með stofnun Borgarhátíðasjóðs í þeim tilgangi að styðja við fasta árlega viðburði ásamt því að örva nýsköpun í hátíðahaldi í Reykjavík. Gerður var samstarfssamningur og eftirtaldir hátíðir styrktar með föstu árlegu framlagi til þriggja ára: Iceland Airwaves, Hönnunarmars, Jazzhátíð í Reykjavík, Blúshátíð í Reykjavík, Bókmenntahátíð í Reykjavík, Myrkir músikudagar og Food&Fun. Að auki fékk Alþjóðlega kvikmyndahátíðin RIFF samning til eins árs. Menningar- og ferðamálaráð veitti að vanda styrki til verkefna og starfsemi í upphafi árs byggða á umsóknum skv. tillögum fagnefndar sem tilnefnd var af Bandalagi íslenskra listamanna. Skyndistyrkir vegna ófyrirséðra verkefna voru veittir ársfjórðungslega skv. umsóknum. Allir þessir styrkir eru veittir samkvæmt verklagsreglum sem menningar- og ferðamálaráð setti sér. Lúðrasveitin Svanur, Lúðrasveit verkálýðsins og Lúðrasveit Reykjavíkur fengu allar tilnefninguna Tónlistar-

hópur Reykjavíkur 2012. Viðurkenninguna Borgarlistamaður Reykjavíkur árið 2012 hlaut Þorgerður Ingólfssdóttir kórstjóri fyrir ómetanlegt frumkvöðlastarf í tónlist og menningaruppeldi. Dagur Hjartarson hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar árið 2012 fyrir ljóðahandritið „Þar sem vindarnir hvílast og fleiri einlæg ljóð“.

Unnið var að gerð nýs langtímasamnings við Leikfélag Reykjavíkur um rekstur þess, húsnæði og búnað í Borgarleikhúsinu. Nýr forstjóri var ráðinn að Hörpu auk þess sem unnið var að langtímaáætlun og stefnumótun fyrir starfsemi hússins. LR og Harpa ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands njóta lang stærsta framlagsins úr ramma Menningar- og ferðamálaráðs. Aðsókn að viðburðum þessa þriggja stofnana var meiri en nokkru sinni fyrir.

Menningarhús

Auglýst var eftir áhugasömum aðilum til að taka lðnó á leigu undir menningarstarf og annað sem styrkir rekstur hússins. Endurnýjaður var samningur við lðnó ehf til þriggja ára með möguleika á framlengingu í allt að þrjú ár til viðbótar.

Áfram var reynt að fá skýrari mynd af rekstrarforsendum í Tjarnarbíói – en erfiðleikar vegna hljóðvistar hafa sett strik í reikninginn varðandi starfsemi í húsinu. Framkvæmda- og eignasvið leitaði leiða til að bæta hljóðeinangrun hússins.

Barnamenning

Framhald varð á skapandi samstarfi og samvinnu á milli Menningar- og ferðamálasviðs, Skóla og frístundasviðs og ÍTR með sameiginlegum verkefnisstjóra barnamenningar. Biophilia Tónvísindasmiðja, samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Bjarkar Guðmundsdóttur var í mikilli þróun á árinu 2012. Tónvísindasmiðjan var á ferð og flugi og settar upp samstarandi smiðjur í New York, Buenos Aires og Osló. Unnið var að því að koma upp tónvísindasmiðjum í



öllum grunnskólum Reykjavíkurborgar með því að út-
búa verkfærakistu sem skólar geta fengið að láni. Hlut-
verk verkfærakistunnar er áframhaldandi tilraun til að
sameina á nýjan leik vísindi og listir. Heimasíða
Menningarfánans var tekin í notkun 2012 og hlaut Dal-
skóli fyrsta Menningarfána Reykjavíkurborgar við
setningu Barnamenningarhátíðar, en skólinn hefur
markað sér sérstöðu með öflugu list- og verkgreinanámi
á leikskóla- og grunnskólastigi. Verkefnastjóri barna-
menningar hélt utan um kynningar og fræðslu fyrir
frístundamiðstöðvar, leik- og grunnskóla um
menningarframboð og menningaruppeldi og hvatti á
ýmsan hátt til listar og menningarstarfsemi í
skólaumhverfinu auk þess að kynna Biophiliiu-
verkefnið erlendis þar sem það hlaut margvíslega viður-
kenningu, m.a. sem besta vísindamiðlunarverkefni
ársins 2011, en verðlaunin veittu samtök samskipta-
sérfræðinga í evrópskum háskólum, EUPRIO.

Erlent samstarf

Af erlendu samstarfi ráðsins og sviðsstjórnar má nefna
að Reykjavíkurborg varð virkur þátttakandi að undir-
búningi alþjóðlegrar ráðstefnu Spirit of Humanity í
Hörpu. Unnið er að mögulegu framhaldi á þessu verk-
efni undir forystu skrifstofu borgarstjóra. Fulltrúar ráðs
og sviðsstjórnar sóttu tvíæra ráðstefnu menningarmála-
nefnda höfuðborga Norðurlanda í Færeyjum og
sviðsstjóri og verkefnastjóri Bókmenntaborgar sóttu
ráðstefnu UNESCO Creative Cities í Montreal – en
Reykjavík er orðin aðili að þeim samtökum í gegnum
viðurkenningu UNESCO. Að vanda var mikið umleikis í
tengslum við tendrun Friðarsúlu Yoko Ono og
verðlaunaveitingu LennonOno Grant for Peace, sem
vakti heimsathygli að þessu sinni. Ábyrgð verkefnisins
f.h. Reykjavíkurborgar er á skrifstofu sviðsins.

Kynjuð fjárhagsáætlun

Skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs tók þátt í
undirbúningi fjármáladeildar fyrir kynjaðri fjárhagsáæt-
lanagerð. Verkefni MOF fólst í því að rannsaka - með
hliðsjón af kyni umsækjenda - allar umsóknir um styrki
sem sótt var um til menningar- og ferðamálaráðs f. 1.
október ár hvert í fimm ár og styrkveitingar í kjölfar
þeirra. Rannsaðar voru styrkveitingar vegna árána
2007-2011. Markmið verkefnisins var að kanna hvort
halli á annað kynið í styrkveitingum menningar- og
ferðamálaráðs og gera tillögur að því hvernig unnt er að
jafna mun kynjanna og/eða halda jafnræði milli kynja í

styrkumsóknnum og styrkveitingum. Niðurstöður gáfu í
skyn að hlutur kvenna jókst verulega á árunum 2007 til
2011 jafnt í fjölda, heildarupphæð og meðalupphæð
styrkjaumsókna til menningarmála sem í heildar-
upphæð og meðalupphæð úthlutunar um leið og hallað
hefur smám saman á karla.

Upplýsingatækni

Starfshópur um nýmiðlun og upplýsingatækni tók til
starfa fyrra hluta árs. Jafnframt voru settir á laggirnar
smærri vinnuhópar til að halda utan um afmörkuð
verkefni, s.s. val á nýju vefkerfi, fræðslu, fýsileika vef-
verslunar, gagnaöryggi og samvinnu við UTM.
Greindar voru þarfir hveirar stofnunar bæði hvað
varðar vél- og hugbúnað sem og fræðslu fyrir þá sem
vinna að kynningarmálum. Unnið var að því í samvinnu
við UTM að bæta aðgengi að tæknibúnaði, þjónustu og
fræðslu til að styðja betur við þá sem starfa að
kynningarmálum á sviðinu. Greindar voru heimasíður
og samfélagsmiðlar stofnananna.

Skjalastjórn

Í byrjun árs 2012 var settur á fót starfshópur um
skjalamál á sviðinu sem hafði það hlutverk að koma
fram með úrbætur á skjalamálum stofnana sviðsins og
skrifstofu. Byrjað var á að gera úttekt á stöðu mála þar
sem kom í ljós að stofnanirnar stöðu ólíkt að vígi í
þessum eignum. Fulltrúar í starfshópnum unnu síðan
skjalavistunaráætlun fyrir allar stofnanir sviðsins í
samvinnu við Borgarskjalasafn, auk þess að bæta inn-
leiðingu á skjalaflokkunarkerfi og verklagsreglum um
vinnu við skjalasafn.

Innri vefur

Árið 2012 var skipuð ritstjórn yfir innri vefunum sem
unnið hefur verklagsreglur við vinnu við vefinn til að
tryggja öruggar uppfærslur og endurnýjun. Ábyrgð á
innsetningu efnis hefur verið skilgreind nánar og dreifð
á milli stofnana. Unnið var að uppfærslum og endur-
nýjun efnis, sett inn myndasafn og vefurinn virkjaður
sem tæki til upplýsingamiðlunar vegna sameiginlegra
viðburða sviðsins, t.d. fræðsludagskrá, starfsmanna-
fundi, vistaskipti og viðburði á vegum SMOFS.

Tekið var á móti erlendum hópum í þekkingarheim-
sóknnum sem vildu kynna sér menningarstarfsemi
borgarinnar.



Borgarbókasafn Reykjavíkur

Lesið í borg

Hvatning til lestrar er eitt af mikilvægustu verkefnum almenningsbókasafna.

Í tengslum við Barnamenningarhátíðina var haldin vel heppnuð **bókamessa** fyrir unglunga, *Að leggjast í sortir*. Um 350 unglingar mættu á hana. Myndbönd, *Lestur er bestur*, þar sem fjölmargir segja frá sínum uppáhalds bókum og lestrarupplifun voru gerð. Hægt er skoða þau á heimasíðu safnsins. Þá var bryddað upp á þeirri nýjung í sumar að bjóða upp á **leshring** fyrir börn á aldrinum tólf til fjórtán ára. **Sumarlestur** var í öllum söfnum Borgarbókasafns og að þessu sinni voru vegleg verðlaun í boði. Sumarlesturinn var í samstarfi við Bókmenntaborgina, Forlagið, Fréttablaðið og reiðhjólaverslunina Örninn. Safnið tekur þátt í Lestrarhátíðinni á vegum Bókmenntaborgar á margvíslegan hátt og meðal annars verður **lestrarmaræjon** í öllum söfnum. Samstarfsverkefnið *Yndislestur í Vesturbænum* er samvinna skóla og nokkurra annarra aðila um að vekja athygli á lestri og yndi hans. Af öðrum **lestrarhvetjandi** viðburðum má meðal annars nefna lestur Sólu sögukonu í Stundinni okkar, Bókakaffi í Gerðubergi, Stæðaæði, þar sem safnið verður með bókasafnsstæði og býður upp á „grænar bækur“, Heimsbókmenntir á hausti, alþjóðlega barnabókmenntahátíðin Mýrin. Flest verkefni sem tengjast bókmenntum og lestri eru í samvinnu við Bókmenntaborgina.

Eins og alltaf hefur safnið reynt að bjóða upp á fjölbreyttan **safnkost** þrátt fyrir minnkandi fé til kaupa á safnefni.

Sögupersónur úr bókum Kristínar Arngrímsdóttur um apaskottið *Arngrím* fengu nýtt líf á stigagangi Ársafns.

Viðfangsefni *Ljóðaslammisins* á Safnanótt var myrkur. Þátttakan var góð og má hlusta á sigurvegarana á vefjum safnsins.

Þrjár rafrænar **bókmenntagöngur** bættust við á árinu.

Marilyn og Greta var heiti sýningar á myndverkum Kristínar Ómarsdóttur sem var opnuð í ágúst og í tengslum við hana og Hinsegin daga var dagskrá um ritverk Kristínar. Bókmenntaborgin kom að þessari dagskrá.

Samráð Borgarbókasafns hefur unnið ötullega að gerð sviðsmynda fyrir Borgarbókasafn og eru þær nú tilbúnar. Ráðið var í vinnubúðum á Úlfjótuvatni til að leggja lokahönd á sviðsmyndirnar. Rýnihópur skipaður fólki af báðum kynjum og á öllum aldri kom saman í maí og velti fyrir sér þjónustu og framtíð Borgarbókasafns. Niðurstöður frá fundi rýnihópsins nýttust í gerð sviðsmyndanna.

Fjölmennningarverkefni voru mörg á árinu og hefur



kynning á þeim verið mikil. Fyrirspurnir hafa komið frá mörgum aðilum þar með talið öðrum sveitarfélögum og hafa verkefni verið kynnt á ráðstefnum, fundum og víðar. Mikill áhugi er í skólunum á verkefnum. Kynningarmyndband, á heimasíðu safnsins, um starfsemi og þjónustu Borgarbókasafns er nú á nýu tungumálum.

Next Library, samstarfsverkefni sjö almenningsbókasafna á Norðurlöndunum, mun ljúka með fundi í Osló í september þar sem framtíðarstefnuskrá fyrir almenningsbókasöfn verður gerð. Fimm fulltrúar frá Borgarbókasafni sækja fundinn.

Fundur um **forsetakosningarnar** með frambjóðendum tókust vel. Þeir voru liður í því að safnið kynnti fyrir almenningi það sem efst er á baugi hverju sinni.

Áhrifamikil **fræðslu- og ljósmyndasýning** um kjarnorkuárásirnar á Hírósíma og Nagasaki í ágúst 1945 og afleiðingar þeirra var sett upp í samstarfi við The Nagasaki National Peace Memorial Hall for the Atomic Bomb Victims. Á sýninguna var öllum títundu bekklingum á höfuðborgarsvæðinu boðið og komu um 1000 unglingar, skoðuðu hana og gerðu verkefni sem tengdust henni. Hún var einnig mjög vel sótt af almenningi.

Á **Mennignarnótt** var í safninu teiknismiðja fyrir börn þriggja til fjórtán ára og stóð þeim til boða að senda myndirnar í alþjóðlegu teiknisamkeppnina *Colorful Rights* á vegum ítölsku samtakanna Fondazione Malagutti onlus. Keppninni er ætlað að vekja athygli á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Sem liður í að efla **starfsanda** var gleðivika í febrúar, Bros í myrkri, dagar gleði og kærleika. Í mars var vorþing starfsmanna og var gerður góður rómur að því. Starfsmenn Sólheimasafns fóru í fræðsluferð til Boston og skoðuðu bókasöfn. Þeir sögðu frá ferðinni á vorþinginu.

Afgreiðslutíma safnanna var breytt í byrjun árs til fyrra hofs.

Starfshópur sem hafði það verkefni að skoða möguleika á samstarfi Borgarbókasafns og **skólasafna** í Reykjavík um bókasafnsþjónustu lauk störfum í september og skilaði lokaskýrslu. Tveir fulltrúar frá Borgarbókasafni voru í hópnum. Tilögur hópsins verða lagðar fyrir Menningar- og ferðamálráð og Skóla- og frístundaráð.

Höfuðborgarstofa

Ferða- og markaðsmál

Staðið var að stofnun Ráðstefnuborgar Reykjavíkur – Meet in Reykjavík ásamt kjölfestuaðilunum Hörpu og Icelandair og á fjórða tug annarra aðildarféлага. Þekkingarheimsóknir sem höfðu verið í umsjá Höfuðborgarstofu fluttust yfir til Ráðstefnuborgarinnar í kjölfar stofnunar hennar.

Þátttaka í eftirtöldum ferðasýningum: Mid Atlantic í Reykjavík, ITB í Berlín, City Break í London, Vestnorden í Reykjavík og WTM í London. Einnig var tekið þátt í vinnustofu Icelandair í París, vinnustofu Icelandexpress í Edinborg og jómfúrurflugum Icelandair til Denver og WOW til Parísar.

Staðið var að verkefninu “Reykjavík on your own” í samstarfi við Miðborgina okkar og Faxaflóahafnir en verkefnið hefur það að markmiði að bjóða farþegum skemmtiferðaskipa upp á aukið aðgengi að menningarupplifun, verslun og þjónustu í miðborginni.

Fylgt var eftir viðamikilli könnun á ferðahegðun erlendra ferðamanna í borginni sem framkvæmd var sumarið 2001 með sambærilegri könnun veturinn 2012 sem Rannsóknir og ráðgjöf ferðaðþjónustunnar framkvæmdi.

Höfuðborgarstofa tók á móti fjölmörgum blaðamönnum. Meðal blaðamannahópa sem Höfuðborgarstofa styrkti á einhvern hátt voru blaðamenn sem komu í tengslum við Myrka músíkdaga, Hönnunarmars, Lista hátíð í Reykjavík, Eve Online, Hestadaga í Reykjavík, Riff, Airwaves og Imagine Peace.

Höfuðborgarstofa tók þátt í verkefninu Ísland er með’etta ásamt öðrum markaðsstofum á landinu auk þess að vera öflugur þátttakandi í Ísland allt árið. Jólaborgarverkefnið var betur kynnt 2012 með jólapökkum víðsvegar um borgina – Christmas island, Christmas market, Christmas valley og fleira.

Vefur og samfélagsmiðlar

Átaksstarfsmaður var fenginn til að gera úttekt á vefnum Visit Reykjavík og stýra samfélagsmiðlum. Vinna við að flytja vefinn úr Content XXL er nú í undirbúningi.

Viðburðir

Höfuðborgarstofa skipulagði eftirtalda viðburði: Vetrahátíð í febrúar með stuðningi MP banka og Orkusölnunnar, en aðkoma hins síðarnefnda stuttu fyrir hátíð gerði það að verkum að hægt var að auka umfang hátíðarinnar þannig að hún jafnaðist á við það sem áður þekktist. Eftt var til samkeppni um opunaratriði sem haldið var á fimmtudagskvöldi hátíðarinnar og vann spænski arkitektinn Marc Zotes samkeppnina og skreytti Hallgrímskirjuturn eftirminnilega með tilkomu-



mikilli ljósasýningu. Safnanótt var haldin að vanda á föstudagskvöld og Heimsdagur barna á laugardegi hátíðarinnar. Sundlauganótt var haldin í fyrsta sinn á laugardagskvöldinu og þótti takast ákaflega vel.

Höfuðborgarstofa sá ekki um Hátíð hafsins, þar sem Faxaflóahafnir og Sjómannadagsráð völdu að fá sjálfstæða verkefnisstjóra í verkið.

Menningarnótt var haldin með stuðningi frá Landsbankanum og Vodafone og tókst með afbrigðum vel. Af nýmælum á hátíðinni má nefna að Hátíðaár borgarinnar var kynnt í Hörpu en þar gafst árlegum hátíðum á borð við Airwaves, Riff, Hönnunarmars og fleiri að minna á sig og kynna dagskrá sína.

Barnamenningarhátíð var haldin í annað sinn í samstarfi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið þar sem tæplega helmingur barna í borginni kom fram fyrir hönd skóla sinna, frístundamiðstöðva eða listaskóla, tóku þátt í skólasmíðjum eða voru áhorfendur á skólasýningum.

Höfuðborgarstofa í samstarfi við Íslandsstofu og hestamannafélögin á höfuðborgarsvæðinu stóð fyrir Hestadögum í Reykjavík í annað sinn í mars. Aukin áhersla var á menningartengda hestaviðburði í ár Höfuðborgarstofa tók þátt í undirbúningi og framkvæmd afhendingu Lennon Ono Peacegrant og tendrun Friðarsúlunnar í Viðey í samstarfi við skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs auk Viðeyjar. En báðir viðburðir tókust einkar vel.

Á Adventuhátíð í desember var haldið áfram með verkefnið Jólaborgina Reykjavík sem hófst 2011 í samstarfi við Skipulags- og umhverfissvið og Miðborgina okkar. Gömlu höfninni var bætt við þau svæði sem skreytt voru og nýtt til viðburðahalds.

Upplýsingamiðstöð ferðamanna

Samstarfssamningur við nýja eigendur ITA var endurnýjaður snemma árs til tveggja ára, en fyrri eigendur stefndu í gjaldþrot. Vel hefur verið fylgst með framvindu mála hjá nýjum eigendum og ekki annað að sjá en að þeir standi við samninga við birgja.

Í samstarfi við Bókmenntaborgina var sett upp lesstofa í Upplýsingamiðstöðinni til að minna á að Reykjavík hefur hlotið titilinn Bókmenntaborg UNESCO og um leið til að hvetja erlenda ferðamenn til að kynna sér íslenskar bókmenntir.

Listasafn Reykjavíkur



Stórar og litlar sýningar eftir íslenska

og erlenda listamenn

Í Hafnarhúsinu var stór sýning á myndbandsverkum spænska listamannsins Santiago Sierra ásamt gjörningum sem framdir voru í tengslum við sýninguna. Litlar sýningar voru opnaðar á plakötum Errós og í tengslum við Hönnunarmars var sett upp sýning á tekrukkum sem Erró myndskreytti. Útskriftarsýning Listaháskóla Íslands 2012 var haldin í Hafnarhúsi og á Listahátíð í Reykjavík var Hafnarhúsið stærsti vettvangur verkefnisins Sjálfstætt fólk sem sýndi smærri sýningar eftir yfir 12 listamannateymi bæði íslenskra og alþjóðlegra listamanna. Yfirgripsmikil sýning á graffikverkum Errós var opnuð, um leið haldið upp á 80 ára afmæli listamannsins. Innsetningar Söru Björnsdóttur í A-sal og rúmenska listamannsins Dan Perjovschi í D-salinn umbreyttu rýmunum í Hafnarhúsinu ásamt sýningunni Hreyfing augnabliksins sem kannaði aðferðir, efni og tímann í verkum Jóhanns Eyfells og fimm íslenskra listamanna.

Á Kjarvalsstöðum mátti finna yfirlitssýningar á verkum Karen Agnete Þórarinnsson, arkitektafyrirtækinu Snohetta, stórrí sýningu á verkum katalónska listamannsins Antoni Tapes og Ragnheiðar Jónsdóttur. Ný vídd í verkum Kjarvals var krufin með sýningunni Gálgaklettur og órar sjónskynsins sem sýndi einnig verk eftir um 20 íslenska listamenn allt frá samtímamönnum Kjarvals til dagsins í dag. Ljóðheimar dró fram gott yfirlit yfir fjálssa eða ljóðræna abstraktlist á Íslandi frá 1956-1970. Í tengslum við sýningar Kjarvalsstaða voru settar upp smíðjur fyrir fjölskyldufólk þar sem unnið var út frá sýningunum.

Í Ásmundarsafni opnaði ný árleg sýning sem þar sem leitað var í tilfinningalegri kviku Ásmundar Sveinssonar og tók yfir allt safnið.

Á annað hundrað viðburða

Boðið var upp á yfir eitt hundrað fræðslu- og listræna viðburði, þ.m.t. fjölbreytta fyrirlestra, leiðsagnir og smíðjur fyrir börn og fjölskyldur auk gjörninga, tónleika, kvikmyndasýninga og danssýninga. Ásamt þátttöku í Safnanótt, Barnamenningarhátíð og Menningarnótt með

fjölbreytti dagskrá í öllum húsum safnsins. Fræðsludeild safnsins lagði sérstaklega upp úr því að efla sýnileika á reglulegum fjölskylduviðburðum á vegum safnsins, ásamt sérverkefnum sem tengjast starfsemi þess.

Málþing og ráðstefnur

Haldin voru málþing um róttækni og andhóf í tengslum við Santiago Sierra, um borgarskipulag og verkefni Snohetta, og tímann sem grunneiningu listaverkum í tengslum við Hreyfingu augnabliksins. Einnig var málþing um list í almenningsrými unnið í samstarfi við Myndhöggvarafélagið og málþing um rannsóknarverkefnið Íslensk samtímalistfræði. Listaháskólinn, KÍM og Listasafnið kom á fót nýrri fyrirlestrarseríu undir heitinu Umræðuþræðir sem bíður alþjóðlegum virtum fyrirlesurum til landsins.

Tónlist á listasafni

Samstarf við Jaðarber, Elektra Ensemble og Trío Reykjavíkur og við tónlistarhátíðirnar Sláturtíð, Myrka músík-daga og Iceland Airwaves hélt áfram ásamt þátttöku í Tectonics og UMN tónlistarhátíðunum.

Kynningarmiðlar

Áframhaldandi áhersla var á eflingu samfélagsmiðla og vefsíðu safnsins. Nú býður safnið upp á vikuleg fréttabréf á póstlista og leggur áherslu á bein og aukin samskipti við vini safnsins á Facebook.

Digitizing Contemporary Art

Mikil áhersla var á rannsóknir, flokkun og skönnun á heimildum um safnkostinn og starfsemi safnsins frá upphafi með rafræna birtingu á vefsíðu safnsins fyrir augum. Verkið er styrkt af Evrópuverkefnum Digitizing Contemporary Art.

List í almenningsrými

Verk Sólvéigar Aðalssteinsdóttir var afhjúpað í Litluhlíð, minnisvarði um borgaralega óhlíðni eftir Santiago Sierra var settur upp í tengslum við sýninguna og óþekkti embættismaðurinn eftir Magnús Tómasson var færður á nýjan stað við Ráðhúsið.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Ljósmyndadagar

Ljósmyndadagar voru haldnir í fyrsta sinn hér á landi dagana 9.-12. febrúar í samstarfi við Félag Íslenskra samtímaljósmyndara. Ýmsir viðburðir voru á dagskrá daganna, til dæmis Ljósmyndasýning á Lækjartorgi, í Ráðhúsinu, Tjarnarbíói og Sundhöll Reykjavíkur. Ljósmyndagöngur voru farnar um fimm hverfi borgarinnar. Í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands var fólki boðið upp á ljósmyndagreiningu.

Jón Proppé listfræðingur hélt fyrirlestur um samtímaljósmyndasögu Íslands, auk þess sem stjórnandi ljósmyndahátíðarinnar Voies Off í Arles í Frakklandi kynnti myndir af hátíðinni. Einnig var svokölluð ljósmyndagreining (Portfolio Rewiev) en þar hittu á þriðja tug samtímaljósmyndara erlent fagfólk í ljósmyndaheiminum.

Í kjölfar þessa daga var nokkrum Íslendingum boðið að sýna verk sín á ljósmyndahátíðinni Voies Off í Arles í Frakklandi. Jafnframt var umfjöllun um íslenskar samtímaljósmyndir í danska ljósmyndafréttiritinu Katalog.

Sýningar

Í ársbyrjun opnaði sýning með myndum eftir Charlottu Hauksdóttur og Sonju Thomsen, um sumarið var sýn-



ingin Kona með myndum eftir Berglindi Björnsdóttur. Um haustið voru myndir Mats Wibe Lund. Í fremra rými voru myndir úr safneign, Christian Schierbeck (1872-1917), Eyjólfur Jónsson (1869-1944) og Trausti Ólafsson (1891-1961).

Undir árslok lauk tveggja ára þema í Skotinu: Ungir ljósmyndarar (sem eru að hasla sér völl í faginu, eða hafa nýlokið námi).

Skönnun, skráning og rannsóknir

Helstu verkefni í skönnun, skráningu og rannsóknum á árinu voru:

Skönnun á húsamyndum úr filmusafni Sveins Þórðarsonar og húsamyndum Minjasafns Reykjavíkur. Skráning á filmusafni Jim Smart blaðaljósmyndara og umpökkun á filmusafni þýska atvinnuljósmyndarans Hermann Schlenker.

Menningarmiðstöðin Gerðuberg

Á dagskrá Gerðubergs árið 2012 voru 78 viðburðir, þar af 17 fyrir börn og fjölskyldur, 15 viðburðir voru af fjölmennarlegum toga og 39 höfðu alþýðlega tengingu.

Glitrar á hjarnið var heiti sýningar Páls á Húsafelli sem sýndi hellu-, berg- og svellþrykk auk verka úr steini. Sýningin var sett upp í minningu Thors Vilhjálmssonar rithöfundar en þeir Páll unnu mörg verk í sameiningu. Sýningin laðaði til sín fjölda gesta og börnin voru einkar áhugasöm um svellþrykkið. Þau fengu að reyna sig í þeirri list á Heimsdegi barna í spennandi frostrósa-smiðju. Í tengslum við sýninguna var frumsýnd heimildamynd eftir Kristín Örn Guðmundsson sem nefnist Bréfmíði til Páls.

Arna Valsdóttir, sýndi myndbands- og hljóðinnsetningu undir heitinu *Staðreynd 5... brotabrot... oggo-*



lítill óður til kviksjárinna þar sem hún leitaðist við að fanga „reynd staðarins“. Arna hélt af því tilefni smiðju fyrir börn á frístundaheimilum í Breiðholti þar sem þau fengu að skapa sína eigin lífrænu kviksjá.

Hallgrímur Helgason, rithöfundur og myndlistarmaður, sat fyrir svörum á Ritþingi í apríl og hélt af því tilefni sýninguna Myndveiðitímabilið 2012 þar sem gat að líta málverk og teikningar sem allar voru unnar á þessu ári eins og titillinn ber með sér.

Sýning bandarísku listakonunnar Rebeccu Goodale, *Rökkurljóð og sögur*, opnaði í lok ágúst og hélt hún af því tilefni námskeið í gerð bókverka fyrir hönnuði, lista- og handverksfólk. Mikill áhugi er fyrir þessari listgrein og fjöldi hópa sótti leiðsögn um sýninguna. Á sama tíma opnaði nýstárleg sýning í Safnarahorninu. Þar sýnir Sigrún Klara Hannesdóttir, fyrrverandi landsbókavörður, brot úr minjagripasafni sínu af lesandi fólki og dýrum. Minjagripunum hefur Sigrún Klara safnað á ferðalögum sínum víða um heim.

Í september opnaði sýning systranna Sigrúnar og Ólafar Einarsdætra *Ummyndun*. Þar tefldu þær saman gleri og textíl en þær sækja gjarnan innblástur í óbeislaða náttúru Íslands.

Listamaðurinn og Breiðhyltingurinn Davíð Örn Halldórsson tók að sér að „skreyta“ Gerðuberg í nóvember með sýningu sinni *Ilmvatnsáin has minni*. Hann hélt af því tilefni listasmíðju fyrir ungmenni á aldrinum 16-18 ára en efni hans og aðferðir má m.a. rekja til götulistar og teiknimynda. Á sama tíma sýndi myndlistarkonan Margrét Zóphoníasdóttir málverk undir yfirskriftinni *Vængjablak* þar sem frelsið birtist í formi mynsturs og draumkenndrar náttúrusýnar.

Í Boganum og kaffihúsinu voru settar upp 8 sýningar af ýmsum toga. Þar gat á að líta ljósmyndir, klippimyndir, smyrnuð veggteppi, skopmyndir, býsanska íkona og olíumálverk.

Viðburðaraðirnar vinsælu, Handverkskaffi, Stefnumótakaffi, Heimspekikaffi og Bókakaffi löðuðu til sín fjölbreyttan hóp fólks. Á haustmisseri var sett á laggirnar ný viðburðaröð undir heitinu Mánudagsspjall og spekúlasjónir í samstarfi við Þjónustumiðstöð Breiðholts. Þemað að þessu sinni var umhverfis- og skipulagsmál og m.a. var fjallað um Elliðaárdalinn og hverfismenningu borgarinnar.

Að venju var margt í boði fyrir börn og barnafjölskyldur. Má þar nefna Heimsdag barna, Öskudagssmiðju og – gleði, Barnamenningarhátíð og kveðskaparsmiðjurnar Krummi krunkar úti og Dans vil ég heyra.

Boðið var upp á nokkra tónlistarviðburði. Kunnir tónlistarmenn tróðu upp á Klassík í hádeginu ásamt Nínu Margréti Grímsdóttur, þeirra á meðal Hrólfur Sæmundsson barítón og Ari Þór Vilhjálmsson fiðulleikari. Ragnheiður Gröndal söngkona bauð upp á ljúfa aðventustemmingu í lok nóvember undir yfirskriftinni Í opnum örmum tónlistargyðjunnar.

Minjasafn Reykjavíkur

Árbæjarsafn

Unnið var að endurbótum á safnhúsum í Árbæjarsafni og var megináhersla lögð á að halda áfram endurbyggingu Ívarssels og viðgerð á torfveggjum safnkirkju og tröðum að Árbæ. Að auki var unnið að almennu viðhaldi safnhúsa og lóðar safnsins.

Miðlun

Nokkrar sérsýningar voru opnaðar í Árbæjarsafni í byrjun sumars. Minjasafnið var sem fyrr í samstarfi við námsbraut í hagnýtri menningarmiðlun við H.Í. um námskeið í samtímasöfnun og gerð sýningar sem byggir á vinnu nemenda, Lög unga fólksins sem fjallar um hversdagsleika íslenskra ungmenna í framhaldsskólum árið 2012 og var opnuð í Hansenshúsi 1. júní. Sýningin Farfi og fegurð sem fjallar um sögu húsamálunar, var opnuð í Kjöthúsi 9. júní, en hún er samstarfsverkefni Minjasafns, Málarameistarafélagsins og Félags iðn- og tæknigreina. Sama dag var opnuð í Líkn sýningin Krummakrunk – um hrafinn í íslensku samfélagi. Í húsinu Suðurgötu 7 var sett upp sýning á skátabúningum og öðrum munum úr skátastarfi í Reykjavík í tilefni af 100 ára afmæli skáta-hreyfingarinnar á Íslandi. Farandsýningin „Ekki snerta jörðina“ stóð í húsinu Lækjargötu 4 yfir sumarið. Sýningin var unnin af samstarfshópi fimm íslenskra safna, sem stóð að samtímasöfnunarverkefninu Leikir barna.



Þrjár sýningar voru í Listmunahorninu í Krumbúð.

Vinna hófst við undirbúning að sýningu á ljósmyndum Guðmundar Ingólfssonar úr Kvosinni sem efnt verður til í ársbyrjun 2013 í samstarfi við Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Þar verður ljósmyndum hans sem teknar voru í Kvosinni árið 1986 og birtust í bókinni Kvosin byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur, stillt við hlið ljósmynda sem eru teknar á sama svæði árið 2011. Ennfremur var hafinn undirbúningur að gerð nýrrar grunnsýningar í húsinu Lækjargötu 4, þar sem þróun byggðar í Reykjavík verða gerð skil.

Í maí komu út tvö bindi í ritröðinni Kirkjur Íslands þar sem fjallað er um friðaðar kirkjur í Reykjavíkurborg. Þessi rit eru sérfræðingar Minjasafns rituðu greinar um kirkjugripi og kafla um safnkirkjuna í Árbæ. Á útgáfudegi var efnt til sýningar og málþings í Ráðhúsinu í samstarfi við ritnefnd og Húsafríðunarnefnd.

Fræðsla og viðburðir

Í Árbæjarsafni var opnunartími að vetrarlagi aukinn og frá áramótum var boðið upp á leiðsögn fyrir ferðamenn daglega.

Safnið stóð fyrir tveimur málþingum á fyrri hluta árs. Þann 14. mars var haldið málþing í Árbæjarsafni um viðhald og endurbætur eldri húsa í samstarfið við Iðuna og Húsafríðunarnefnd. Þann 12. maí var dagskrá í Viðey um Skúla Magnússon, Innréttingarnar og upphaf þéttbýlis í Reykjavík, þar sem voru fluttir fyrirlestrar og farið í staðarskoðun.

Sem fyrr voru margvíslegir viðburðir á sumardagskrá í Árbæjarsafni og má þar nefna hefðbundna viðburði svo sem fornbíladag og heyannir og skátadag sem efnt var til í samstarfið við skáta í Reykjavík. Líkt og undanfarin ár tók Minjasafnið þátt í gönguferðum um Kvosina, Safnanótt, Menningarnótt og Barnamenningarháttíð.

Minjasafnið fékk styrk úr Safnasjóði til að þróa leikræna leiðsögn í Árbæjarsafni og var ráðinn leikstjóri sem vann drög að handriti og þjálfaði leiðsögumenn

Minjasafnið efndi til samstarfs við Alþingi um að bjóða upp á leiðsagnir um fornleifauppgröftinn á Alþingisreit. Frá 1. júní til 31. ágúst var leiðsögn á ensku fyrir ferðamenn á virkum dögum og á íslensku á sunnudögum.

Varðveisla

Safnið hélt áfram samstarfi við Þjóðminjasafnið og önnur minjasöfn um þróun á Sarpí – menningarsögulegum gagnagrunni. Unnið var áfram að ljósmyndun gripa í tengslum við nýskráningu og yfirfærslu gagna úr eldri gagnagrunnum í munaskrá Sarps. Minjasafnið fékk styrk til skráningar úr Safnasjóði, að upphæð kr. 1.000.000. Starfsmenn í atvinnuáttaksverkefnum og háskólanemar

unnu að skráningu muna og hefur nú um 57% safnkostsins verið skráð í Sarp. Minjasafnið tók þátt í átaki í skjalavistun á Menningar- og ferðamálasviði og var skjalvistunaráætlun fullgerð svo og nýr málalykill.

Minjavarsla

Unnið var að varðveislu menningarminja í borgarlandinu með skráningu, rannsóknum og miðlun með það að markmiði að auka aðgengi að upplýsingum um menningarminjar á vef safnsins og í Borgarvefsjá. Unnið var að því að yfirfara fornleifa- og húsaskrá og undirbúa gögn fyrir flutning í Sarp.

Stríðsminjar í Reykjavík voru skráðar af fornleifafræðingi í áttaksverkefni. Gripir úr fornleifarannsókninni sem fram fór 1971-74 voru ljósmyndaðir og skráðir í Sarp. Fornleifaskrá yfir minjar í Kvosinni var endurskoðuð og gerð jarðsjármæling á lóðum við Tjarnargötu og Suðurgötu í samstarfið við stýrihóp og fagråd um fornleifar í miðbænum, sem menntamálaráðherra skipaði 2011.

Áfram var unnið að menningarkerkingum og veitti Minjasafnið ráðgjöf og sá um textagerð við gerð nýrra upplýsingaskilta í Viðey. Hafin var vinna við menningarkerkingar í Laugarnesi og Laugardal í samstarfi við hverfisráð Laugardals.

Í nýjum skipulagslögum er heimild fyrir því að vinna deiliskipulag á stærri svæðum og kallast það hverfaskipulag. Hafin var vinna við húsakannanir vegna hverfisskipulags og aðferðir við þá vinnu þróaðar í samráði við Skipulags- og byggingarsvið. Unnið var með Skipulags- og byggingarsviði að endurskoðun húsverndarstefnu Reykjavíkur í tengslum við endurskoðun aðalskipulags.

Viðey

Nýr vefur var settur í loftið þar sem lögð er áhersla á fallegar myndir og aðgengilega, einfalda miðlun upplýsinga um sögu og náttúru eyjunnar og um listaverkin. Göngukort af eyjunni var endurskoðað og prentað. Þá var kortið einnig gert aðgengilegt á vefsvæðinu ásamt endurbættri hljóðleiðsögn.

Nýrri flotbryggja var komið fyrir á austurenda eyjunnar á vormánuðum og var hún dregin í land á haustmánuðum. Bryggjan var sett fyrir tilstillan Snarfara, félags sportbátaeiganda í Reykjavík og sáu þeir alfarið um uppsetningu hennar. Bryggjan er hugsuð sem tilraunaverkefni. Skráður, ný ferja sem tekur 68 manns, bættist við flotann sem þjónar eyjunni.

Þjónustukönnun var lögð fyrir úrtak gesta í júní og júlí og var svörun mjög góð og niðurstöður afar jákvæðar fyrir alla þá sem koma að rekstri og starfsemi í Viðey.

Á vordögum var haldin vegleg dagskrá um Skúla Magnússon fógeta í samvinnu við marga. Þar var meðal annars fjallað um framfarahugmyndir Skúla; ræktunrar



tilraunir, Íslandslýsingar hans, Innréttingarnar í Reykjavík, um byggingu Viðeyjarstofu og margt fleira.

Fimmtudagstónleikar voru haldnir frá því á sumarmánuðum og fram að áramótum. Er stefnt að því að hafa eina tónleika í mánuði, allajafna fyrsta fimmtudag hvers mánaðar, árið um kring.

Sumardagskráin var fjölbreytt; ýmsir viðburðir og þriðjudagsgöngur eru fastur liður í sumardagskrá eyjunnar.

Í kjallara Viðeyjarstofu var formlega opnuð sýning um sögu stofunnar.

Nýr verkefnisstjóri, Svanbjörg H Einarsdóttir, tók við eyjunni af Guðlaugu Elísabetu Ólafsdóttur síðari hluta sumars.



Menningar- og ferðamálasvið
Reykjavíkurborgar
Ingólfsnausti
Vesturgötu 1
101 Reykjavík

Sími 590 15 20
menning@reykjavik.is

www.reykjavik.is/menningogferdamal